



# Ættleiðing

Fréttabréf Íslenskrar ættleiðingar • 13. árg. 1. tbl. • júní 2006





# Stjórn og starfsmenn

## Íslensk ættleiðing

Ármúla 36, Selmúlamegin  
108 Reykjavík.  
Pósthólf 8334, 128 Reykjavík.  
Sími 588 1480  
Fax 588 1481  
isadopt@simnet.is  
http://www.isadopt.is

Skrifstofutími  
Mán.-fi. kl. 10-13.  
Tímabíll eftir þörfum.

### Stjórn

Ingibjörg Jónsdóttir, formaður  
Karl Steinar Valsson, varaformaður  
Ingibjörg Birgisdóttir, gjaldkeri  
Arnprúður Karlsdóttir, ritari  
Kristjana Erlen Jóhannsdóttir,  
meðstjórnandi  
Lisa Yoder, meðstjórnandi  
Pálmi Finnbogason, meðstjórnandi

### Fræðslufulltrúar

Ingibjörg Birgisdóttir  
Ingibjörg Jónsdóttir

### Umönnunarnámskeið

Kristín Svala Jónsdóttir

### Skemmtinefnd

Birna Blöndal  
Gyða Björg Olgeirsdóttir  
Hrönn A. Björnsdóttir  
Ingibjörg G. Marisdóttir  
Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir  
Klara Geirsdóttir  
Kristín Skjaldardóttir  
Kristín Valdemarsdóttir  
Laufey Jónsdóttir  
Ragna Freyja Gísladóttir  
Rósa Jóhannsdóttir  
Sigurbjörg Jónsdóttir

### Fjárflyunarnefnd

Anna Margrét Jónsdóttir  
Gíslína V. Ólafsdóttir  
Kristín Svala Jónsdóttir  
Sigríður Ingólfssdóttir  
Sigrún Snorradóttir  
Sigurrós Ingimarsdóttir  
Þórunn Herdís Hinriksdóttir

### Ritnefnd

Alda Sigurðardóttir  
Kristín Valdemarsdóttir  
Kristjana Erlen Jóhannsdóttir  
Ólöf Ýrr Atladóttir  
Snjólaug Elín Sigurðardóttir  
Þórdís Ívarsdóttir

### Ábyrgðarmaður

Ingibjörg Jónsdóttir

### Umbrot

alvara.is

### Prentun

Prentsmiðjan Ísafold



Hér er stutt kynning á meðlimum stjórnar Íslenskrar ættleiðingar og starfsmönnum á skrifstofu, talið frá vinstri.

Kristjana Erlen Jóhannsdóttir er meðstjórnandi. Hún á þrjú börn, 5 ára son fæddan á Indlandi, 4 ára dóttur og 2 ára dóttur sem er fædd í Kína. Kristjana er kennari að mennt en hefur verið heimavinnandi mamma í fullu starfi eftir að hún eignaðist börnin sín.

Ingibjörg Jónsdóttir er formaður ÍÆ og fræðslufulltrúi. Hún á tvær dætur frá Indlandi, 5 og 7 ára, og einn son 22 ára. Ingibjörg er félagsfræðingur hjá Félagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Ingibjörg Birgisdóttir er gjaldkeri ÍÆ. Hún starfar hjá Icelandair og á tvær dætur, 21 árs ættleidda frá Sri Lanka og 11 ára. Ingibjörg er einnig fræðslufulltrúi ÍÆ.

Pálmi Finnbogason er meðstjórnandi. Hann á 5 ára dóttur frá Indlandi og 2 ára dóttur frá Kína. Pálmi er stjórn málafræðingur að mennt og starfar sem skrifstofustjóri þjónustuskrifstofu iðnfélaga.

Arnprúður Karlsdóttir er ritari ÍÆ. Hún á tæplega 4 ára gamla dóttur sem fædd er í Kína en fyrir átti hún son sem lést tæplega 7 ára gamall eftir langvarandi veikindi. Arnprúður vinnur sem kerfisfræðingur og forritari hjá tölvufyrirtækinu TM Software.

Karl Steinar Valsson er varaformaður ÍÆ. Hann hefur starfað sl. 20 ár í lögreglunni í Reykjavík. Hann lauk námi í afbrota og lögreglufræðum í Bandaríkjunum. Karl Steinar á eina tæplega 2 ára dóttur sem fædd er í Kína.

Lisa Yoder er meðstjórnandi. Hún er lögfræðingur og á 10 ára gamlan son sem fæddur er á Indlandi.

Guðrún Ó. Sveinsdóttir hefur starfað á skrifstofu ÍÆ frá upphafi og er nú skrifstofustjóri. Hún er kennari að mennt og var lengi í stjórn félagsins. Guðrún á tvö börn, 21 árs gamla dóttur sem fædd er á Sri Lanka og 18 ára son fæddan á Indlandi.

Fanney Reynisdóttir hefur unnið hjá ÍÆ í tæplega þrjú ár. Hún á þrjár dætur og eru þær 8, 12 og 14 ára.

## Gömul fréttabréf

Þessa dagana er verið að setja öll gömlu fréttabréf ÍÆ á vef félagsins. Þar eru margar góðar greinar og upplýsingar fyrir foreldra og börn. Ekki síst er það forvitnileg lesning þeim sem vilja þekkja sögu félagsins.

## Tilgangur Íslenskrar ættleiðingar

- ♦ Að vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrúmi, í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Haagsamningsins um alþjóðlegar ættleiðingar.
- ♦ Að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna.
- ♦ Að aðstoða fólk sem vill ættleiða börn erlendis frá.
- ♦ Að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra.
- ♦ Að vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna.
- ♦ Að auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu.
- ♦ Að aðstoða yfirgefni börn og þau börn sem búa við erfiðar aðstæður í heimalandi sínu en verða ekki ættleidd.

Félagið er ekki rekið í ágóðaskyni og má einungis inna af hendi fjárgreiðslur til mannúðarmála, fyrir utan nauðsynlegar fjárgreiðslur vegna kostnaðar ættleiðinga barna til Íslands.

## Meðal efnis

Fréttir af félagsstarfinu, ljósmyndir, viðtöl, ferðasögur, barnaopna, matarhorn, rannsóknarkynning og margt fleira. Öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa til efni í blaðið eru færðar bestu þakkir.

## Forsíðan

Í vetur hafa nokkrir foreldra-morgnar verið haldnir í boði Hreyfilands sem er til húsa í Stangarhyl í Reykjavík. Foreldrar og börn hafa tekið þessu boði vel og fjölmennt enda rosa gaman!



# Fréttir frá skrifstofu

Aðalfundur Íslenskrar ættleiðingar var haldinn 15. mars sl. og var ánægjulegt að sjá hve margir félagsmenn mættu og tóku þátt í fundarstörfunum en um 100 manns komu á fundinn. Miklar breytingar urðu á stjórn, enda höfðu ýmsir stjórnarmenn setið lengi og höfðu ákveðið að gefa ekki kost á sér aftur. Upplýsingar um stjórnarfolk eru á bls. 2 í þessu fréttabréfi. Margir gáfu líka kost á sér til vinnu í nefndum og er ánægjulegt að finna áhuga félagsmanna á starfi félagsins. Á aðalfundinum héldu erindi þær Brynja Muditha Dan Gunnarsdóttir og Sólveig Kanthi Engilbertsdóttir sem ættleiddar voru frá Sri Lanka fyrir um 21 ári síðan. Þær höfðu margar fróðlegar ábendingar til kjörforeldra og umsækjenda og má fullyrða að aldrei hefur erindi hjá Íslenskri ættleiðingu verið tekið með jafn miklum áhuga og ánægju.

Að undanförunu hafa góðir gestir heimsótt Íslenska ættleiðingu, í mars kom sendiherra Indlands á Íslandi og hitti nokkrar fjölskyldur sem ættleitt hafa börn í Indlandi. Í apríl kom síðan sjö manna sendinefnd frá kínversku ættleiðingarmiðstöðinni til Íslands og hitti stjórn ÍÆ, einnig ráðuneytisstjóra og lögfræðinga dómsmálaráðuneytis. Kínversku gestunum þótti sérlega vænt um að fá að hitta börn úr 59 af þeim 88 íslensku fjölskyldum sem hafa ættleitt börn frá Kína. Var gagnkvæm ánægja með samstarfið og eigum við von á áframhaldandi góðu sambandi við CCAA.

Í september sl. var ráðstefna í Kaupmannahöfn þar sem fjallað var m.a. um rannsóknir á ættleiddum börnum og voru margir fróðlegir fyrirlestrar. Þátttakendur voru m.a. frá öllum Norðurlöndunum, frá Hollandi, Bretlandi og frá Indlandi kom Aloma Lobo sem er yfir CARA, skrifstofu þeirri sem stjórnar ættleiðingarmálum í Indlandi. ÍÆ sendi fulltrúa á ráðstefnuna.

Frá útkomu síðasta fréttabréfs hafa komið heim 12 litlar stúlkur frá Kína. Það er ljóst að færri börn koma heim á þessu ári en undanfarin ár, vegna þess hve afgreiðsla umsókna í Kína tekur nú langan tíma. Margar umsóknir eru í ferlinu úti og fleiri á leiðinni út. Biðtími frá því umsóknir berast til kínverskra stjórnvalda þangað til upplýsingar um börn koma er nú um eitt ár og er heldur að lengjast.

Tvö börn komu heim frá Kolkata 9. júní, tæplega ársgamall drengur og 10 mánaða stúlka. Íslensk ættleiðing biður eftir að fá endurnýjað starfsleyfi í Indlandi og við reiknum þá með að fá fleiri börn til ættleiðingar þaðan.

Nokkrar umsóknir eru í Kólombíu og vonandi kemur a.m.k. eitt barn þaðan heim á þessu ári.

Ein umsókn er í Tékklandi og við vonumst til að fá fleiri umsækjendur þangað.

Á árinu hafa verið haldin þrjú fræðslunámskeið. Eins og áður hefur komið fram þurfa umsækjendur sem ættleiða barn í fyrsta sinn og hafa ekki áður fengið slíka fræðslu að taka þátt í námskeiði áður en forsamþykki er gefið út. Við hvetjum nýja umsækjendur til að skrá sig á námskeið sem fyrst. Tvö námskeið eru fyrirhuguð í haust, 25. - 26. ágúst og 30. september og svo 20. - 21. október og 25. nóvember.

Stefnt er að því að halda skrifstofunni opinni í allt sumar, en óskað er eftir því að fólk panti sér tíma ef það vill koma utan venjulegs opnunartíma sem er frá 10-13, mánudaga til fimmtudaga.

Við bendum á að nú eru komin fleiri netföng á skrifstofunni, starfsmenn hafa nú sitt hvort netfangið; gudrun@isadopt.is og fanney@isadopt.is almennar fyrirspurnir fara á isadopt@isadopt.is, eitt netfang er vegna námskeiða namskeid@isadopt.is og loks er eitt beint til stjórnarinnar á stjorn@isadopt.is.



Vissir þú að: Flestir heimiliskanarífuglar eru karlkyns því að þeir syngja meira en kvenfuglarnir. Skarfar eru vinsælir heimilisfuglar í Kína og hjálpa stundum eigendum sínum að veiða fisk.

# Heimsókn frá CCAA

Dagana 19. til 22. apríl var stödd hér á landi sendinefnd yfirmanna frá kínversku ættleiðingarmiðstöðinni, CCAA. Fyrir fjórum árum síðan fengum við svipaða heimsókn en þá var aðeins einn hópur búinn að sækja börn til Kína og því lítil reynsla komin á ættleiðingar þaðan til Íslands. Tilgangur heimsóknarinnar núna var fyrst og fremst að ræða við íslensk stjórnvöld vegna ákveðinna breytinga sem tengjast Haagsamningi um ættleiðingar barna milli landa en einnig að hitta stjórn ÍÆ og ræða samskipti landanna. Þá hafði sendinefndin óskað sérstaklega eftir því að fá að hitta fjölskyldur sem ættleitt hafa frá Kína.

Fundurinn með sendinefndinni og starfsfólki dómismálaráðuneytis tókst vel og kom þar meðal annars fram mikið traust sem dómismálaráðuneytið ber til ÍÆ. Ekki er talið að breyting vegna aðildar Kína að Haag muni teyja heildarferlið mikið en einhverra

breytinga er þó að vænta.

Stjórn ÍÆ átti síðan mjög góðan fund með sendinefndinni og kom þar fram að kínversk ættleiðingaryfirvöld eru mjög ánægð með ferli mála hér á landi og sagði yfirmaður ættleiðingarmála í Kína beint út að íslensk ættleiðing standi sig sérstaklega vel, pappírar væru í góðu lagi og samskiptin góð. Sendinefndin vonaðist til að þetta góða samstarf ætti eftir að standa í mörg ár enn. Á fundinum var einnig rætt um að biðtiminn eftir barni frá Kína væri að lengjast og að ástæðan væri fyrst og fremst sú að færri börn væru til ættleiðingar en þeir foreldrar sem óska eftir að ættleiða. Ekki var hægt að fá uppgefinn ákveðinn mánaðafjölda sem biðtiminn væri kominn í, aðeins það að hann væri að lengjast.

Það er mat stjórnar ÍÆ að mjög vel hafi tekist til með þessa heimsókn og að sendinefndin hafi farið ánægð af landi brott að morgni dags 22. apríl. Herra Lu, sem fer fyrir ættleiðingarmálum í Kína, lýsti því sérstaklega yfir að það hafi verið einstaklega ánægjulegt að fá tækifæri til að hitta allar þessar fjölskyldur í Framheimilinu að morgni sumardagsins fyrsta. Hann heillaðist af þeirri gleði og hamingju sem skein úr andlitum barna og foreldra sem þar voru og sagði greinilegt að um mjög samheldinn hóp væri að ræða.

Stjórn ÍÆ sendir sínar bestu þakkir til þeirra sem komu að heimsókn sendinefndarinnar á einn eða annan hátt.



## Rannsóknir á ættleiddum börnum á Íslandi

Á undanförunum árum hafa verið sett af stað nokkur rannsóknarverkefni sem varða ættleidd börn á Íslandi. Þessar rannsóknir eru af margvíslegum toga, en beinast að aðstæðum og upplifunum íslenskra kjörfjölskyldna og sérstöðu þeirra í íslensku samfélagi.

Vandaðar vísindarannsóknir á þessu sviði eru mikilvægar fyrir kjörfjölskyldurnar sjálfar, til að gefa þeim kost á að átta sig á þeim áskorunum sem fjölskyldumynstri þeirra fylgir. Einnig eru þessar rannsóknir mikilvægar fyrir samfélagið í heild, til að hægt verði að koma til móts við þær séraðstæður sem geta skapast með tilkomu ættleidds barns – en ekki síður til móts við þá möguleika sem kraftmikil börn af margvíslegum uppruna gefa íslensku samfélagi.

Þegar farið er af stað með vísinda-

rannsókn er að mörgu að huga. Meðal annars þarf að skipuleggja verkáætlun rannsóknarinnar, taka saman þann fræðigrunn sem hún byggir á, velta fyrir sér hverjir þátttakendur í rannsókninni eiga að vera, hvernig skuli hafa samband við þá og síðast en ekki síst þarf í öllum rannsóknum sem byggja á þátttöku manna að huga að siðfræðilegum forsendum rannsóknarverkefnisins.

Hér í blaðinu er kynnt rannsókn sem Málfríður Lorange stýrir og beinist að tengslaröskun meðal ættleiddra barna, þarft viðfangsefni sem ekki hefur verið skoðað fyrr hér á landi. Búast má við því að í næstu tölublöðum Ættleiðingar verði fjallað um fleiri verkefni.

Vegna þess að meðal þeirra gagna sem aflað er innan rannsóknar Málfríðar eru upplýsingar um heilsufar og sjúkrasögu barnanna, fer þessi

rannsókn fyrir Vísindasiðanefnd sem veitti leyfi til framkvæmdar hennar að lokinni vandlegri umfjöllun. Viðurkennt er að slík umfjöllun er nauðsynleg þegar verið er að fjalla um viðkvæmar upplýsingar um okkur mannfólkið, enda er e.t.v. hægt að draga flestar siðareglur rannsóknarsíðfræðinnar saman í þá alpekkту: „Aðgát skal höfð í nærveru sálar“.

Það er vonandi að allar rannsóknir á félagsvísindasviði, ekki síst þær sem varða ættleidd börn, fái í framtíðinni umfjöllun hjá siðanefnd, ekki bara þær rannsóknir sem höndla með heilbrigðisupplýsingar, heldur og þær sem varða sálarlíf okkar, þrár og innstu langanir.

Ólöf Ýrr Atladóttir, kjörmóðir,  
framkvæmdastjóri Vísindasiðanefndar.





# Sundnámskeið

Hugmyndin að barnasundi fyrir ættleidd börn kom í kjölfarið á umræðu kjörforeldra um sund og tengslamyndun. Þar sem ég er ungbarnasundskennari ákvað ég í kjölfarið að hafa eitt prufunámskeið í barnasundi.

Það eru ýmsar aðferðir til að efla geðtengsl en ein mikilvægasta aðferðin er mikil snerting og þá sérstaklega húð við húð. Að fara í sund er því mjög góð aðferð til að örva tengslamyndun. Flest ættleidd börn eru orðin of gömul fyrir hefðbundið ungbarnasund við komuna til landsins og eru því að missa af mikilvægri örvun á þessu tímabili í lífi sínu.

## Hvers vegna barnasund?

Barnasund er skemmtileg og einstök samverustund barns og foreldra. Megin áherslan er á leikinn, samspil foreldra og barns, líkamssnertingu og augnsamband. Barnið hefur óskipta athygli foreldris í rólegu umhverfi. Við þessar aðstæður gefst tækifæri til að efla tilfinningatengsl við barnið. Barnið lærir að treysta foreldrum sínum í vatninu og foreldrar læra hvernig best er að meðhöndla barnið í vatni.

## Hvað fá börnin okkar og við foreldrarinn út úr barnasundinu?

### Snertingu

- ♦ Mikil snerting, húð við húð. - Örvar tengslamyndun.

### Traust

- ♦ Börnin verða að treysta alfarið á foreldrana.
- ♦ Augnsamband styrkir traustið og tengslamyndun. Í mörgum æfingum er unnið að augnsambandi við barnið.
- ♦ 100 % athygli allan tímann.

## Aukinn hreyfiproski

- ♦ Aukinn styrkur.
- ♦ Aukið jafnvægi.
- ♦ Aukin samhæfing.

## Samvera

- ♦ Samvera foreldra og barns.
- ♦ Samvera barnanna.
- ♦ Samvera foreldranna.

## Gleði og leikur

- ♦ Börnin upplifa leik og söng og læra hreyfingar við ýmis lög.

## Litlir sigrar í hverjum tíma

- ♦ Mikið hrósað.
- ♦ Eykur sjálfsánægju og styrkir sjálfsmynd.

## Skemmtilegt

- ♦ Barnasundið er skemmtilegt.

Að sjá bros á andlitum barnanna og heyra þau skríkja þegar þau fara ofan í laugina segir allt sem segja þarf.

Síðastliðinn vetur var ég með tvö námskeið í sundlauginni á Reykjalundi. Byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið fyrir sama hóp. Það var ótrúlegt að sjá framfarirnar hjá þessum börnum bæði í öryggi og hreyfifærni. Vonandi verða fleiri námskeið haldin næsta vetur.

Það er ánægjulegt að segja frá því að verkefnið fékk styrk úr minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur síðasta vetur. Markhópurinn er litill og því gerir styrkurinn mér kleift að halda úti námskeiðum þrátt fyrir fáa þátttakendur. Kann ég þeim bestu þakki fyrir styrkinn.

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin er hægt að nálgast hjá undirritaðri á netfanginu kristinvald@gmail.com og í síma 695 3008.

Kristín Valdemarsdóttir, kjörmóðir, íþróttakennari og ungbarnasundskennari.



„Sundnámskeiðið var mjög gagnlegt, litla stúlkan okkar lærði t.d. að fara í kaf sem er mjög mikilvægt sérstaklega þar sem við förum mikið í sund með hana. Tímarnir voru mjög skemmtilega uppbyggðir, mikið sungið, og ýmsar kjarkæfingar gerðar. Þetta voru yndislegar samverustundir bæði fyrir hana og okkur foreldrana, sem við hefðum ekki viljað missa af. Takk fyrir þetta frábæra framtak hjá þér Kristín.“  
Valentína, Kalli og Stína, hópi 12.

# Nýir Íslendingar

Hér eru birtar myndir af börnum sem nýkomin eru til Íslands.



**Alfa Magdalena Birnir Jórunnardóttir**

Fædd í Kína 24. 2. 2004.  
Kom 7. 12. 2005.

Jórunn Elidóttir, Akureyri.



**Annalei Róslín Hai Symons**

Fædd í Kína 23. 9. 2004.  
Kom 7. 12. 2005.

Michael William Symons og Denise Rosemary Beccard, Tálknafirði.



**Árný Thelma Laufeyjardóttir**

Fædd í Kína 24. 2. 2004.  
Kom 7. 12. 2005.

Laufey Lena Árnadóttir, Kópavogi.



**Margrét Lin Ágústsdóttir**

Fædd í Kína 6. 3. 2005.  
Kom 7. 12. 2005.

Ágúst Sigurjónsson og Sigrún Hreiðarsdóttir, Selfossi.



**Sara Rós Lin Stefnisdóttir**

Fædd í Kína 13. 2. 2005.  
Kom 7. 12. 2005.

Stefnir Skúlason og Margrét Hauksdóttir, Garðabæ.



**Elsa Lillian Bing Ívarsdóttir**

Fædd í Kína 24. 10. 2004.  
Kom 29. 3. 2006.

Ívar Björnsson og Súsanna Stefánsdóttir, Mosfellsbæ.



**Hildur Mei Henriksdóttir**

Fædd í Kína 28. 10. 2004.  
Kom 29. 3. 2006.

Henrik Óskar Þórðarson og Elín Hlíf Helgadóttir, Bessastaðahreppi.



**Hrafnhildur Kría Jónasdóttir**

Fædd í Kína 25. 10. 2004.  
Kom 29. 3. 2006.

Jónas Gylfason og Ingibjörg Valgeirsdóttir, Reykjavík.



**María Qing Sigríðardóttir**

Fædd í Kína 23. 10. 2004.  
Kom 29. 3. 2006.

Sigríður Ingólfssdóttir, Kjalarnesi.





**Guðrún Edda Min Harðardóttir**

Fædd í Kína 23. 9. 2004.  
Kom 7. 12. 2005.

Hörður Svavarsson og Dána Sigurðardóttir,  
Hafnarfirði.



**Heiður Þórey Atladóttir**

Fædd í Kína 30. 10. 2004.  
Kom 29. 3. 2006.

Atli Geir Jóhannesson og Lára Sigríður  
Baldursdóttir, Reykjavík.



**Tinna Maren Þórisdóttir**

Fædd í Kína 1. 11. 2003.  
Kom 29. 3. 2006.

Þórir Þórisson og Margrét Rósa  
Kristjánsdóttir, Garðabæ.



## Harpa er litla systir mín

*Þrönn Blöndal Birgisdóttir var í vetur nemandi í fyrsta bekk við Menntaskólann á Akureyri. Í vetur fékk hún það verkefni í skólanum að semja lýsingu á manneskju sem hún þekkti.*

Harpa er litla systir mín, hún er sex ára og ættleidd frá Indlandi. Það ætti kannski að vera erfitt að skrifa langa mannlýsingu um sex ára barn, en það er svo margt hægt að segja um Hörpu að ég ákvað að skrifa um hana.

Við erum báðar fæddar á Þorláksmessu, hún árið 1998 og ég 1989. Annars erum við örugglega eins ólíkar og hægt er að vera. Hún er með kolsvart hár og svört augu, dökk á hörund, með þvílíkt krúttlega spékoppa, fingert andlit og er íþróttamannslega vaxin. Örugglega sætasta sex ára stelpa í heimi. Skapið í henni passar reyndar ekki alveg við útlitið, hún er rosalega skapstór, hefur mjög sterkan persónuleika, sem er reyndar heppilegt þar sem hún er bæði öðruvísi í útliti og ættleidd frá Indlandi sem sumum krökkum finnst bjóða upp á stríðni eða athugasemdir. En sem betur fer er ekki neitt sem hægt er að stríða Hörpu útaf, hún hefur allt með sér, getur verið þvílíkt fyndin og lætur engan vaða yfir sig. Stundum er eins og ég gleymi því hvor okkar er eldri þegar hún lætur mig heyra það. Hún er svona manneskja sem enginn getur látið framhjá sér fara, það taka allir eftir henni hvar sem hún er.

Þrátt fyrir að vera bara í öðrum bekk er hún á svipuðu þroskastigi og ég þegar kemur að fatasmekk. Stundum kemur hún inn til mín og fer að slúðra um krakkana í bekknum sínum, aðallega þá hver er skotinn í hverjum eða hver er búinn að missa flestar tennurnar.

Harpa er mjög sérvitur, raðar stundum sjampóbrúsunum öllum upp eftir stærð eða tekur upp á því að vera í sömu fötunum stanslaust í fleiri fleiri daga. Það er ekki hægt annað en finnst þetta frekar krúttlegt.

Hörpu finnst gaman að teikna og er líka góð í því. Hún hefur sagt við mig að sig langi að verða listakona og ég efast ekki um að hún geti það. Svo æfir hún ballett. Hún er mjög klár stelpa, gengur vel í skólanum og er dugleg að læra. Það er líka alveg merkilegt hvað hún kann á fólkið í kringum sig. Á suma virkar að kreista fram tár til að fá það sem hún vill og stundum er bara nóg að blikka augunum.

Ég mundi segja að við Harpa séum vinkonur. Að sjálfsögðu rífumst við stundum enda systur, það fylgir því bara. Ég á líka aðra systur sem heitir Hrund. Hún er fjögurra ára og líka ættleidd frá Indlandi. Þær Harpa rífast hins vegar stanslaust. Hörpu og langömmu okkar kemur mjög vel saman, þær geta setið og spilað tímunum saman eða sú gamla sagt sögur síðan hún var lítil.

Harpa er frábært dæmi um manneskju sem er bara hún sjálf og annað hvort líkar fólki við hana eða ekki, í hennar tilfelli það fyrrnefnda, ekki hægt annað.



Vissir þú að: Krókódílstennur eru stundum notaðar í hálsmen. Fólk gengur með þær til skrauts eða sem verndargripi. Montanafólkið í Perú í Suður - Ameríku trúir því að krókódílstönn verndi það gegn eitrun.

# „Mér fannst þetta allt stórkostlegt.“

## Viðtal við Atla Dagbjartsson barnalækni



Atli Dagbjartsson hefur fengist við meðhöndlun íslenskra fyrirbura á Vökudeild Landspítalans allt frá stofnun hennar árið 1976. Hann hlaut sérmenntun í nýburalækningum í Bandaríkjunum á fyrri hluta áttunda ára-tugarins og lauk síðar doktorsprófi í læknisfræði frá HÍ árið 1989. Atli er giftur Ingibjörgu Símonardóttur talmeinafræðingi og eiga þau þrjú uppkomin börn. Hann á eitt barnabarn, Ingibjörgu Emblu Mín Jónsdóttur, en í febrúar 2004 lagði Atli upp í mikla ferð með dóttur sinni og tengdasyni til Kína, þaðan sem Ingibjörg Embla er upprunnin. Fjölskyldansameinaðist í Nanning, höfuðborg sjálfstjórnarhéraðsins Guangxi í suðvesturhluta Kína, 1. mars 2004.

Atli féllst á að spjalla við okkur um upplifun sína af aðstæðum ættleiddra barna og ferðalaginu mikla til Kína. Atli tekur á móti okkur að loknum vinnudegi á Barnaspítalanum. Við byrjum á því að spyrja hvort hann hafi fylgst með komu ættleiddra barna til skoðunar á Barnaspítalanum í gegnum tíðina.

„Ég hef ekki sjálfur tekið þátt í að skoða börnin, það hefur kollegi minn hér á spítalanum, Gestur Pálsson, gert í meira en tvo áratugi, líklegast. Ég hef hins vegar fylgst svolítið með úr fjarlægð og það hefur verið mjög áhugavert. Það hefur auðvitað einnig borist í tal hversu misvel þau eru á sig komin, en á það ber að líta hversu mismunandi aðstæður þeirra hafa verið.“

Ættu foreldrar og fjölskyldur ættleiddra barna að beina athygli sinni að sérstökum þáttum í heilsu og þroska umfram það sem þarf með önnur börn, bæði í upphafi þegar börnin koma til foreldranna og fyrst eftir að þau koma heim?

„Ekki tel ég það. Þau taka við sínum börnum ytra og síðan fylgjast þau með þeim á sama máta og aðrir gera. Ég

get ekki annað séð en að þetta sé eins og hvert annað par, foreldrar gagnvart barni sínu. Alveg sama hvort börnin eru ættleidd eða ekki.

Það er talsvert áberandi að foreldrar vita ekki um bakgrunn barnanna og í sjálfu sér ekkert almennilega hvernig börnin eru sem þau taka við. Sum börn eru verr á vegi stödd en önnur og það kemur náttúrulega ekki í ljós strax, heldur smám saman. Þetta fer svolítið eftir því hversu gömul börnin eru þegar þau koma, því eldri, þeim mun betri heildarmynd af heilsufarinu sér maður.“

Þannig að það eru aðstæður og aldur sem skipta máli, þ.e. aðstæðurnar sem börnin bjuggu við?

„Já, hvað þroska þeirra varðar. Litlu stelpurnar sex sem ég var með í að sækja, voru t.d. gegnumsneitt linar og ekki stæltar í hreyfingum. En þær höfðu sýnilega haft gott atlæti, vegna þess að þær voru stórar og voru vel nærðar. Viðbrögðin við því að yfirgefa þann sem þær voru orðnar hændar að og síðan að afla sér nýs trúnaðaraðila í veröldinni voru líka mjög eðlileg. Þegar maður horfði á, þá var mjög áberandi að þær voru allar saman slegnar yfir þessu, þetta var meiriháttar mál, þær urðu fyrir áfalli. Áfallsviðbrögðin voru mjög misjöfn, en þetta var áfall fyrir þau öll á sinn máta, einstaklingar bregðast ekki alltaf eins við. Sumir þegja, aðrir grenja óskaplega. Sumir eru bara svolítið meira óáttaðir heldur en aðrir í því hverju er að treysta og hverju ekki. Þá getur maður dottið í hug að það sé eitthvað geðrænt að, en það er ekki svo, þetta er bara svona mikið áfall. Þetta leið tiltölulega fljótt hjá. Á þessum dögum sem við vorum þarna úti voru þær byrjaðar að mynda tengsl við sína foreldra, annað hvort foreldrið fyrst, sem er mjög eðlilegt.“



Hvernig er best að bregðast við ef barnið byrjar að reyna að tengjast öðru foreldrinu? Er betra að hitt foreldrið dragi sig í hlé?

„Barnið hefur tilhneigingu til þess að hengja sig á einhvern einn fyrst, það er sjálfsbjargarhvöt. Það er svakalegt áfall fyrir barnið að vera rífið í burtu frá öllu sem það þekkir, það veit ekkert í sinn haus og veit ekkert hverjum það á að treysta. Þá er mikið mál að fá einhvern einn til þess að treysta á. Síðan er hægt að fara að kanna veröldina í kringum sig og þá kemur hitt foreldrið inn í smám saman.“

Myndirðu segja að það hafi komið sér vel í ferðinni að þú, læknirinn, varst með í för?

„Ég er náttúrulega ekki dómbær á það. Ég fór fyrst og fremst með sem afi. Það vissu allir að ég var læknir, meira að segja barnalæknir, en mín sérfræðikunnátta er um börn sem eru jafnvel yngri en þessi hópur sem þarna var verið að ná í. Auðvitað gat það komið sér vel, ekki bara gagnvart börnunum, heldur líka ýmsu öðru svo sem foreldrunum. Maður setti til dæmis ákveðnar reglur þegar farið var af stað um hvað ætti ekki að borða og drekka og svo framvegis. Þetta voru einfaldar reglur sem allir fóru eftir, enda varð enginn neitt veikur á ferðalaginu. Ferðafélagarnir létu í það minnsta vel af því að hafa mig með, þannig að þeim hefur líklega þótt það notalegt.“

Telur þú að heilbrigðismenntaður aðili ætti að vera með í för þegar kjörforeldrar eru að taka á móti börnum sínum?

„Mín skoðun er sú að svo ætti að vera. Það er lagt í miljónakostnað bara í eina ferð til að sækja sex börn, kannski einhvers staðar á bilinu 8 - 10 miljónir sem verið er að fjárfesta í ferð hópsins í heildina og það skiptir máli að vel takist til og fólk lendi ekki í vandræðum. Mér fyndist því ekkert athugavert við það, nema að því leyti sem hefur verið talað svolítið um, að aðilar í upprunalandi barnsins, í þessu tilviki Kínverjar, þeir mega ekki fá á tilfinninguna að það sé verið að vantreysta þeim. Það væri náttúrulega mjög slæmt. Því þarf auðvitað að taka þetta upp með varkárni og virðingu. En þetta væri auðvitað öryggi, því að það er ýmislegt sem getur komið upp á og það væri gott að tryggja sem best að væntingar foreldranna standist.“

Sem læknir, er það eitthvað sem þú telur að mætti betur fara í undirbúningi kjörforeldra fyrir svona ferð og að taka við barni sem kannski er í áfalli?





„Ég vil bara ítreka það sem ég var að segja að foreldrarnir fara fullir eftirvæntingar og gera sér sennilega ekki grein fyrir því að þetta er hrikalegt áfall fyrir barnið. Það er að fara úr því umhverfi sem það er búin að alast upp í, svo koma allt í einu einhver hvít tröll úr norðri, allt öðruvísi fólk, sem ætlar að veita barninu allt það sem það getur. En það er öðru vísi að koma úr því að vera hluti af barnaheimili. Ég hafði á tilfinningunni að stelpurnar hver um sig hefðu haft mest tengsl við eina fóstru, sem var þá „fyrsta mamma“ ef ég má segja svo. Fóstrurnar tóku mjög nærri sér að senda börnin frá sér og hágrétu.“

*Þegar þú hugsar til baka til Kína, kom eitthvað þér á óvart í þessari ferð?*

„Það var talsvert margt. Í fyrsta lagi kom Kína mér verulega á óvart. Kína er mjög fallegt land og þarna er náttúran ekki eins og maður hefur áður séð. Það var gaman að koma á Kínamúrinn, sjá Forboðnu borgina og „keisarans hallir í Kína“. Mér fannst þetta allt stórkostlegt. Svo kom mér á óvart hve fólkið þarna var frjálstlegt, það var ekki kúgað, var ekki undir neinum járnaga kommúnismans eins og menn hafa talað um. Það var frjálstlegt og óheft.

Ekki síður kom þessi athöfn, þegar stúlkurnar komu til foreldra sinna, ánægjulega á óvart. Þetta var nokkuð sem Kínverjar lögðu mikið upp úr að væri vel gert. Þeir voru ekkert að kasta börnunum í neinn og segja „farðu svo“. Þetta var gert af mikilli reisn, bæði við þá sem tóku við börnunum og líka gagnvart börnunum sjálfum.“

*Hvernig var upplifun þín af ferðinni að öðru leyti?*

„Það var ferðamennska í þessu. Kínverjar hafa fólkið hjá sér í nokkra daga áður en það fær börnin í hendurnar. Þá er verið að ferðast og eyða peningum

og þar fram eftir götunum og allt í lagi með það. Þarna voru leiðsögumenn með allan tímann og það var vel haldið utan um hópinn. Það stóð sig vel, þetta ágæta fólk sem var með okkur, var hvorki þvingað né þvingandi að neinu leyti og tók þátt í okkar gríni.

Mikil spennan var að sjálfsögðu í loftinu þegar kom að stóra deginum, þegar hópurinn fékk börnin í hendurnar, það var geysilega þrungin athöfn. Börnin grétu, fóstrurnar grétu og foreldrarnir voru yfir sig þrungnir af tilfinningum, það var margt sem lá í loftinu þarna.“

*Það hlýtur að hafa verið mjög sérstakt fyrir þig að fá að taka þátt og horfa á þetta úr fjarlægð en samt vera hluti af þessu.*

„Já, þetta var mjög sérstakt. Eftir á fór hver með sitt barn heim á hótél og þá byrjuðu tengslin að myndast. Tiltölulega fljótt hvöttu fararstjórnir til þess að fólkið kæmi út með börnin og ferðaðist með þau. Það var farið með þau á skrifstofur og í ferðir. Það var bara drifið í því að vera eins og eðlilegt fólk, með barnið sitt úti innan um aðra. Þannig voru tengsl býsna fljót að myndast, börnin voru þarna í þessu fjölskylduumhverfi sem þau höfðu aldrei kynnst áður. Það gekk bara mjög vel.“

*Hvað geturðu sagt okkur um uppruna dótturdóttur þinnar, Ingibjargar Emblu?*

„Ég veit sáralítið í sjálfu sér um uppruna Emblu. Hins vegar veit ég að hún var skilin eftir nálægt barnaheimili og talið að hún væri ekki nema fárra daga gömul þegar það var gert. Það sló mig svolítið þegar okkur var sagt frá því hvernig þetta væri. Stúlkurnar sem koma með börnin skilja þau eftir þar sem þær halda að öruggt sé að þau finnist. Síðan er sagt að þær, mæðurnar, séu einhvers staðar á vappi í grennd og fylgist með því að einhver komi og finni

barnið.

Embla var 15 mánaða gömul þegar hún kom í fjölskylduna. Eiginlega fann maður strax að hún var mjög skynug og tók mikið eftir umhverfinu. Það var svolítið sérkennilegt fannst mér, og ég viðurkenni að það kom virkilega við mann, að ég sem hafði aldrei haldið á henni, bara kjáð aðeins framan í hana, var eftir fáeina daga orðinn hluti af hópnum og mátti ekki vera skilinn eftir. Einhvern tímann var ég seinni að fara upp á herbergi, varð eftir á ganginum og dróst eitthvað aftur úr hinum í fjölskyldunni. Þá vildi hún ekki fara inn fyrr en hún væri búin að gá að því að ég væri líka að koma, hljóp á móti mér þegar ég birtist á ganginum.

Ég tók eftir því eins og með allar hinar að hún var lin. En maður finnur núna eftir að hún er búin að hamast þetta í tvö ár að hún er orðin mjög stælt. Þetta sýnir að á barnaheimilinu hefur ekki verið tími til að láta þær hamast eða leika sér eins og á að gera.

Ekki datt mér í hug að ég ætti eftir að verða afi barns sem ætti uppruna sinn hinum megin á hnettinum, ekki þegar ég var að ala mín börn upp. Ég verð að segja að það brá aðeins fyrir að maður vissi svo sem ekki almennilega hvaða tilfinningar maður myndi hafa gagnvart þessu ættleidda barni svona strax í upphafi. Það er jú lögð svo mikil áhersla víða á íslensku erfðirnar og blóðböndin. En tengslin við Ingibjörgu Emblu voru fljót að myndast og óvissan hvarf.“

*Hvernig myndirðu lýsa tengslum þínum við Emblu í dag og heldurðu að það hafi skipt máli að þú fórst út?*

„Ég tel að þau séu mjög sterk. Við erum miklir vinir. Auðvitað skipti það máli að ég fór út, ég var miklu fyrri til að eiga í henni heldur en ella, en að öðru leyti hugsa ég að það hafi ekki ráðið úrslitum, ég hefði orðið afinn þó að ég hefði ekki tekið þátt í þessu ævintýri.“

*Leggurðu áherslu á að hún er ættleidd? Skiptir það einhverju máli?*

„Þegar ég er með hana með mér þá segi ég frá því að hún sé fædd í Kína, ef það kemur upp. Ég kemst varla undan því - það sjá jú allir það að hún er ekkert lík mér!

Ég held að það sé langbest að börnin alist upp við það að þau séu ættleidd. Það er hið besta mál að þau heyri það að „við fórum til Kína og svo framvegis“. Það á bara að vera hluti af uppeldinu.

Mig langar svo að koma því að, að ég var stoltur af því á heimleiðinni að taka þátt í að koma með þessa sex flottu einstaklinga, nýja Íslendinga, heim. Hins vegar fannst mér að hið opinbera taki ekki tillit til þess, að menn geri sér ekki grein fyrir því, að þarna vorum við að koma heim með sex virkilega finar stelpur, sem eiga eftir að verða verulega nýtir þjóðfélagsþegnar á Íslandi og verða Íslendingar. Þess vegna



fannst mér það svolítið skítt hvernig búið var að þessum málum hér á landi. Ég man eftir því að ég talaði um þetta við sendiherrann úti í Beijing, minntist á það við hann að mér fyndist það klúðurslegt að ríkið skyldi ekki styrkja ættleiðingar eins og aðrar barneignir og jafnvel meira. Barna er um að ræða mikinn kostnað sem foreldrar leggja í og ávinningurinn fyrir íslenskt samfélag er engu síðri en sá sem verður af þeim börnum sem fæðast á venjulegan máta hér heima. Strax þarna úti fannst mér að þetta væri mál sem þyrfti að laga. Svo gerðist það í vetur að hjólin fóru að snúast og var vel í það tekið þegar almennilega var bent á þetta óréttlæti.“

*Að þessum orðum töluðum kveðjum við Atla. Hann ætlar að skjótast í heimsókn til Ingibjargar Emblu, áður en hann fer heim.*

Snjólaug Elín Sigurðardóttir  
bórdís Ívarsdóttir



Ólöf Ámundadóttir: „Atli var skemmtilegur ferðafélagi, en þar fyrir utan fannst mér alveg ómetanlegt að hafa hann með, sérstaklega þegar ég gekk um gólf fyrstu mínúturnar með dóttur mína, 17 mánaða gamla, sem vildi alls ekki vera hjá mér. Hún spennti sig upp í brú og sparkaði frá sér, grét hástöfum, kúgaðist og hætti að anda (stutta stund í einu) nokkrum sinnum. Ég var alveg pollróleg og hugsaði með mér... ég kalla í Atla ef hún fer í öndunarstopp...“



Vissir þú að: Nilarkrókódillinn er stærsta og sterkasta ferskvatnsrándýrið í Afríku. Hann getur orðið allt að 6 metra langur og étur allt sem hann ræður við, til dæmis apa, antilópur, sebradýr og stundum menn. Nilarkrókódílar drepa að líkindum að minnsta kosti 300 manns á ári í Afríku.

## Frá fjáröflunarnefnd

Það er óhætt að segja að fjáröflun fyrir styrktarsjóð Íslenskrar ættleiðingar hafi gengið einstaklega vel síðasta starfsárið. Stuttermabolirnir sem hjónin Lára Liv Ólafsdóttir og Bárður Guðfinnsson gáfu félaginu hafa selst mjög vel. Nokkur fyrirtæki og einstaklingar hafa styrkt með rausnarlegum peningagjöfum og þeim fjölga sem styrkja sjóðinn með mánaðarlegum framlögum.

Fjáröflunarnefndin lagði inn beiðni um styrki hjá nokkrum fyrirtækjum. Deloitte hf. endurskoðunarfyrirtæki veitti styrk að upphæð 200.000 kr. í desember og Landsbankinn hf. veitti styrk að upphæð 150.000 kr. Fjáröflunarnefndin ásamt nokkrum félagsmönnum tók að sér að pakka inn jólagjöfum eina kvöldstund fyrir Hagkaup og uppskar 100.000 kr. í sjóðinn. Fjáröflunarnefnd þakkar þessum aðilum fyrir framlög sín.

Árið 2004 lagði CCAA (kínverska ættleiðingamiðstöðin) fram áætlun sem fékk heitið „Tomorrow Plan“ og er ætlað að bæta lífsgæði allt að 30 þúsund fatlaðra og veikra munaðarlausra barna í þrjú ár. Í október 2005 og aftur í mars 2006 sendi ÍÆ styrki til CCAA í Kína að

upphæð 3.000 bandaríkjadali í hvort skiptið og mun þetta verkefni njóta góðs af. CCAA hefur farið þess á leit við þá sem vilja styrkja munaðarlaus börn í Kína að láta framlög sín renna til þessarar áætlunar og mun ÍÆ styrkja þetta verkefni á meðan það stendur yfir.

Í desember 2005 var sendur styrkur til barnaheimilisins Matri Sneha í Kolkata á Indlandi að upphæð 2.500 bandaríkjadali. Fer hann til að greiða lækniáðstoð veikra barna og ýmsa góðgerðastarfsemi og samfélagsþjónustu sem barnaheimilið sinnir.

Fjáröflunarnefnd vill hvetja félagsmenn ÍÆ til að kanna það hjá fyrirtækjum og stofnunum sem þeir starfa hjá eða þekkja til, hvort þau veiti styrki til góðgerðamála og sækja um í samstarfi við fjáröflunarnefndina. Mörg fyrirtæki eru hætt að senda jólakort til viðskiptavina sinna og nota andvirði þeirra til að styrkja ýmis félagasamtök á borð við okkar félag.

Fjáröflunarnefnd vill einnig hvetja félagsmenn og velunnara til að gerast styrktaraðilar með mánaðarlegum framlögum í styrktarsjóðinn. Hægt er að



greiða inn á almennan reikning eða inn á reikninga þar sem framlög eru skilyrt til Indlands eða Kína.

Allar góðar hugmyndir að fjáröflun eru vel þegnar og er fólki bent á að hafa samband við skrifstofu ÍÆ eða beint til nefndarmanna.

Þeir stuttermabolir sem eftir eru fást á skrifstofu ÍÆ og verða einnig hafðir til sölu í útilegunni að Reykhólum í júlí.

Með kærri kveðju,  
fjáröflunarnefnd ÍÆ 2005-2006.

### Bankareikningar:

Styrkir til Indlands 525 - 14 - 604555  
Styrkir til Kína 525 - 14 - 604666  
Almennur reikningur 513 - 26 - 8875  
Kennitala reikninganna er 531187 - 2539



*Jólaball, jólasveinn, jólabörn, jólamömmur og jólapabbar...*



Ábyrg þjónusta í áratugi

**EIGNAMIDLUN**

sími: 588 9090 \* fax: 588 9095 \* Síðumúla 21 \* 108 Reykjavík  
eignamidlun@eignamidlun.is    www.eignamidlun.is

# Frá skemmtinefnd

## Fyrir sunnan

Skemmtinefndin hefur haldið ótrauð áfram eftir að síðasta blað kom út og í byrjun desember var málað á piparkökur og jólalögin æfð. Óhætt er að segja að þetta hafi mælst vel fyrir og spruttu þarna fram ótrúleg listaverk sem sum voru reyndar borðuð á staðnum en önnur komust nánast klakklaust heim og voru sýnd öllum þeim sem vildu sjá og hinum reyndar líka.

Þann 28. desember voru haldin jólaböll bæði á Akureyri og í Reykjavík og var mæting góð. Í Reykjavík mættu milli 115 og 120 börn með ríflega 200 fullorðna sér við hlið og því frekar þröngt á þingi. Gera á eina tilraun enn með að vera með jólaballið í húsnæði KFUM og K og höfum við fengið loforð um að nota kennslustofu sem er við hliðina á salnum sem aukarými. Þar mun verða aðstaða fyrir um 35 til viðbótar í sæti. Ef þessi ráðstöfun okkar dugar ekki til þá verðum við að leggja höfuðið í bleyti og reyna að finna stærri sal sem við megum koma með veitingar í.

Hreyfiland bauð félaginu afnot af aðstöðu sinni frá áramótum, fyrsta laugardag í hverjum mánuði frá kl. 13 til 14 og hefur það mælst mjög vel fyrir hjá félagsmönnum. Þetta mun ekki koma í staðinn fyrir hefðbundna foreldramorgna en þeir verða milli klukkan 10 og 12 þriðja laugardag hvers mánaðar í kjallaranum hjá KFUM og K að Holtavegi (gengið inn að sunnan). Gerðar voru tilraunir í vetur með að hittast stundum eftir hádegi en þar sem mikill meirihluti þeirra sem sækja þessar samkomur er með lítill börn, sem leggja sig eftir hádegi, verður því ekki framhaldið.

Skemmtinefndin ætlar að brydda upp á þeirri nýbreytni að vera með þema á foreldramorgnunum. Vonumst við til að það verði til þess að vekja áhuga hjá foreldrum og eldri krökkum til að koma og leyfa þeim að taka þátt í þessari tilraun okkar.

Sumargrillið í Heiðmörk var haldið þann 18. júní og verður nánar sagt frá því síðar.

Útilegan verður að Reykhólum á Barðaströnd helgina 7. – 9. júlí 2006. Þar verður Reykhólaskóli á okkar vegum. Við komum til með að tjalda við skólann og í honum höfum við aðgang að uppþvottaðstöðu og snyrtingum og getum borðað þar inni ef við viljum. Í skólanum er salur með litlu sviði og þar er hægt að vera ef illa viðrar. Þátttökugjald verður það sama og í fyrra eða 1500 kr. fyrir fullorðna og frítt fyrir börn. Innifalið í því er öll aðstaða í skólanum (innigisting greiðist sér) og dagskrá helgarinnar. Allir greiða sama verð, hvort sem þeir verða yfir nótt eða ekki.

Skemmtinefndin hefur hug á að eignast leikföng sem hægt væri að nota á foreldramorgnum og auglýsir hér með eftir allra handa dóti sem félagsmenn eru hættir að nota. Sendið okkur upplýsingar um það sem þið viljið losna við og við munum nálgast gersemarnar. Skemmtinefndin er með netfangið nefndin@visir.is.

Dagskráin til áramóta fylgir hér með í bláum ramma neðst á síðunni en breytingar geta orðið og verða þá auglýstar á vef félagsins, [www.isadopt.is](http://www.isadopt.is). Við mælum með því að félagsmenn merki við dagsetningarnar á almanakinu sínu svo að enginn sitji heima með sárt ennið á meðan við hin hittumst í góðra vina hópi.

Það væri gaman ef krakkarnir hefðu með sér laufblöð eða annað tengt haustinu þann 21. október, það er alltaf svo gaman að fönndra úr því sem maður finnur sjálfur.

Jólaballið í Reykjavík verður haldið þann 28. desember 2006, milli kl. 16 og 18 í húsnæði KFUM og K að Holtavegi.

Við vonumst til að sjá sem flesta á þessum uppákomum. Þær eru tilvalinn vettvangur til að leyfa börnunum okkar og ekki síst okkur foreldrunum að kynna, leika og njóta samverustundanna. Tillögur um staðsetningu fyrir næstu útilegu og góðar hugmyndir eru vel þegnar.

Skemmtinefnd (nefndin@visir.is)

## Fyrir norðan

Á vormánuðum 2004 byrjuðum við að húa saman foreldrum og börnum í spjall, leik og huggulegheit í Glerárkirkju á Akureyri. Síðan höfum við hist með reglulegu millibili. Þessir hittingar eru alltaf jafn skemmtilegir bæði fyrir börnin og fullorðna fólkið.

Vorið 2004 fengum við ánægjulega heimsókn af suðvesturhorninu. Smalað var í fræðslufund í Síðuskóla þar sem Valgerður Baldursdóttir hélt mjög fræðandi fyrirlestur um tengslamyndun. Með henni í för voru þær Guðrún Sveinsdóttir og Lís Yoder frá félaginu okkar og gafst tækifæri til að spjalla við þær í hléinu og eftir erindið. Mætingin fór langt fram úr björtustu vonum og voru gestir mjög ánægðir.

Síðastliðin tvö sumur höfum við verið með grilldag í Kjarnaskógi. Sumarið 2004 var sól og hiti sem tók á móti gestum við komuna í skógin. Ekki er hægt að segja það sama um grillið síðastliðið sumar, en þá var grenjandi rigning. Það kom þó ekki að sök, krökkunum var nú nokkuð sama þó það rigndi, það fór meira fyrir brjóstið á þeim fullorðnu.

Jólaballið var haldið með pompi og

prakt miðvikudaginn 28. desember í Hamri. Mæting var nokkuð góð og að sjálfsögðu komu sveinkarnir við hjá okkur og glöddu lítil hjörtu.

Síðan vorið 2003 hafa mömmur og verðandi mömmur hist með óreglulegu millibili barnlausar og átt saman notalega kvöldstund þar sem lífsins gagn og nauðsynjar hafa verið rædd. Þetta eru mjög skemmtilegar stundir sem vonandi verður framhald á.

Sumargrillið í Kjarna var haldið þann 18. júní og verður nánar sagt frá því síðar.

Við viljum biðja alla þá sem búa á Norðurlandi og ekki eru á póstlistanum að setja sig í samband við okkur þannig að þið fáið upplýsingar um það sem er á döfinni hjá Norðurlandsdeildinni.

Inga Magga (ingamagg@simnet.is)  
Birna (bir@simnet.is)

## Fyrir vestan

Nýlega var ákveðið að skapa vettvang fyrir kjörfjölskyldur að hittast á Vestfjörðum. Haldinn var einn undirbúningsfundur í vetur og í bígerð er að hittast í júní á Flateyri og bjóða þá stærri hóp af öllum Vestfjörðum. Flateyringar sjá um að skipuleggja hann og síðan fer þetta á milli byggðakjarna svona eftir aðstaðum hverju sinni.

Kristjana (atlifr@simnet.is)

### Mikilvægar dagsetningar:

**7. – 9. júlí, útilegan að Reykhólum á Barðaströnd.**

**16. september, ylströndin í Nauthólsvík, skeljar og kuðungar.**

**21. október, KFUM og K (kjallari), haustföndur.**

**18. nóvember, KFUM og K (kjallari), furðufataball.**

**9. desember, KFUM og K (kjallari), piparkökumálun.**

**28. desember, jólaball, KFUM og K.**

**Munið vef Íslenskrar ættleiðingar á [www.isadopt.is](http://www.isadopt.is)**



# Myndir frá foreldramorgnum





# Kolkata frá öðru sjónarhorni

Fyrir nokkrum árum flutti ég verkstæðið mitt að heiman í húsnaði í miðbæ Selfoss. Ári síðar var ég búin að opna þar litla búð þar sem ég seldi handavinnuframleiðslu mína og ullarhandverk frá vinkonum mínum í Þingborg. Búðin var til að byrja með opin þegar ég vann á verkstæðinu. Þegar við hjónin fórum til Kolkata í ágúst 2002 keyptum við svolítið af indversku handverki til að selja í búðinni. Við komumst í kynni við indælis mann sem vann hjá útflutningsfyrirtæki og ári eftir heimkomuna höfðum við samband við hann og óskuðum eftir aðstoð við frekari innkaup. Þá komumst við í samband við eiganda fyrirtækisins, Amiya, og gerðum litla pöntun. Síðan



þá höfum við verið í tölvusambandi við hann og nokkrum sinnum talað við hann í síma. Indversku þakkarnir hafa jafnan kallað á hátíð í litlu búðinni, innpakkaðir í tau, innsiglaðir í bak og fyrir, þakktir frímerkjum og svo ilmsterkir að skynfærin fá strax sinn skerf af ævintýrlegu innihaldinu.

Í nóvember á síðasta ári kom óvenjulegur póstur frá Amiya. Hann bauð okkur að koma til Kolkata og vera viðstödd brúðkaup einkadóttur hans sem fram átti að fara 3. febrúar. Það var fjarlægð og óhugsandi að þiggja þetta boð, eiginmaðurinn fastur í kennslu og hvað skyldi gera við börnin, heimilið, búðina, kvaðirnar, skyldurnar? Svo gerðist það dag einn að ég sagði vinkonu minni, kannski meira í gamni en alvöru, að ég væri á leið í brúðkaup til Kolkata. Og hún spurði að bragði: „Má ég koma með?“ Þá fann ég að ekki var aftur snúið.

Til að gera langa sögu stutta varð niðurstaðan sú að um síðustu jól keyptum við fimm flugmiða til Kolkata, ég, mamma mín Guðlaug Berglind Björnsdóttir og vinkonur mínar, Anna Árnadóttir og Hildur Hákonardóttir ásamt systur hennar Hjördísi. Engin þeirra hafði komið til Indlands en allar langað og þarna var komið tækifærið sem þær nýttu sér. Eftir lækni skoðun, sprautur og vegabréfsáritanir var lagt af stað 28. janúar og gist eina nótt í London.

## Ævintýrið hefst

Við lentum í Kolkata seint á laugar dagskvöldi 29. janúar og Fairlawn hótelið í Sudder Street tók á móti okkur, iðjagrænt og hlýlegt. Göturnar voru kyrrar og dimmar.

Snemma næsta morgun var Amiya mættur til að fara með okkur heim til sín í fyrsta hluta brúðkaupsins. Ævintýrið var byrjað! Við skelltum okkur í leigubíl sem ók inn í iðandi og hávært götulífið sem var þétt blandað mannlífi. Hús Amiya sem er í suðurhluta borgarinnar er á tveimur hæðum og það var setið af prúðbúnum fjölskyldumeðlimum brúðhjónanna. Okkur var heilsað innilega



og næstu klukkutíma fylgdumst við með því þegar fjölskyldur brúðhjónanna færðu þeim gjafir og góðar óskir við athöfn sem fram fór á stigapalli á miðhæðinni.

Brúðhjónin sátu á teppi á gólfinu. Sumar konurnar blésu í kuðunga, mikið var hlegið og jóðlað, hljóð sem konurnar mynduðu með hárrí rödd um leið og þær rúlluðu tungunni við varirnar. Gleðin var ósvikin og gestirnir sátu og stóðu þétt í hnapp. Fulltrúi yfirvaldsins var mættur á staðinn og margir skrifuðu undir mörg skjöl, hringar voru upp settir, blómakransar lagðir um hálsa og skrautlegar hvellhettur sprengdar. Þegar athöfninni lauk var borðað. Búið var að tjalda yfir hluta þaksins og þar var setið og borðað í hollum, margir bragðgóðir réttir bornir fram og vöktum við mikla aðdáun þegar við reyndum að nota fingurna til að borða matinn eins og allir hinir.

Síðar fréttum við að margir hefðu skemmt sér yfir því hversu klaufalega við bárum okkur að við borðhaldið. Ýmsir gáfu sig á tal við okkur og svöruðu spurningum okkar. Við komumst að því að hjónabandið var skipulagt af öldungunum í fjölskyldunni og þeir fullyrtu að val á maka hefði breyst talsvert eftir að internetið varð aðgengilegt. Hjónaleysin geisluðu af lífsfjöri og eftirvæntingu í senn. Þau eru bæði hámenntuð, hún í stærðfræði, hann í tölvunarfræðum.

Eftir matinn sátum við allar á stóru hjónarúminu og ein af annarri lögðumst við til hvílu. Hinir gestirnir laumuðust





einn og einn út. Svo lágum við þarna eins og fimm pylsur í pakka, gjörsamlega uppgefnar en fylltar af hamingju og fengum hláturskast. Einhverjar okkar náðu kríu og svo fórum við heim á hótél og hvíldum okkur vel. Fjórir dagar í næstu veisluhöld.

## Silki og Hooglyfljótið

Við notuðum tímann vel. Hver dagur var máturega vel skipulagður og allar höfðu einhverjar óskir um það sem þær vildu sjá og gera í Indlandi og flestu komum við í verk. Fyrst var að fara í búðir og finna viðeigandi klæðnað í veislurnar og Kosigi, ein frænka brúðarinnar, kom næsta dag með eignmanni sínum og kenndi okkur að kaupa fót. Það var mikið ævintýri og efni í heila sögu en við héldum okkur í nágrenni hótelsins við Sudder Street og í kringum New Market. Það var gaman að máta og skoða og hafa marga aðstoðarmenn sem minnkuðu og stækkðu fötin eftir því sem við átti eða saumuðu nýjar flíkur úr efnum sem við keyptum. Við ætluðum að vera finar og standa okkur vel. Eiginmaðurinn passaði að engin okkar týndist. Svo var farið á veitingastað að borða léttan suður-indverskan mat sem okkur þótti afar framandi.

Fjölskylda Amiya sá til þess að auðga ferðina okkar. Einn daginn kom Bijoy, svili Amiya, og fór með okkur í ferð um borgina. Við fórum yfir Howrah brúna og í norðurátt þar sem við heimsóttum staðinn þar sem hinn heimspekkti gúru Ramakrishna hafði aðsetur. Þar eru nú miklar byggingar og skrudgarðar sem fjöldi fólks sækir og dvelur í kyrrð og andakt. Þaðan fengum við far með nokkrum indverskum ferðamönnum á bátpramma sem sigldi í 45 mínútur upp strauminn og svo yfir hið mikla fljót, Hoogly sem er angi af hinu helga Ganghes. Það var margt að



sjá á árbakkanum. Allstaðar var fólk í tröppum að baða sig, vaska upp og þvo þvotta. Byggingarnar á árbakkanum eru margvíslegar og áberandi voru stór, falleg hús sem einhvertíma hafa verið í eigu ríks fólks en voru nú niðurnidd og pakin gróðri. Annarsstaðar var mikið af nýbyggðum fjölbýlishúsum. Við tókum land við stórar tröppur þar sem margir voru að baða sig og gengum í fjölsótt hof sem Ramakrishna stundaði. Fullt af sölubásam og iðandi mannlíf, stöku belja á röltinu og apar í trjánum. Þegar við sigldum til baka fórum við aftur upp strauminn og áttuðum okkur á því að þar gæti flóðs og fjöru frá fjarlægri ströndinni. Við sáum menn við smíði á nýrri mikilfenglegri brú, vatnaliljur á floti og menn að veiða með netin strengd milli bambusstanga. Allt í straumpungri lygnu hins helga vatns sem ekki er alveg hreint en verður það eflaust einn daginn. Á bakaleiðinni komum við í grasagarðinn og sáum geysistört gamalt banyan tré sem prýðir alla bæklinga um Kolkata.



## Matri Sneha

Einn daginn fórum við mamma í heimsókn á Matri Sneha með tvær fullar ferðatöskur af gjöfum að heiman. Ég verð að viðurkenna að þegar ég gekk inn í húsið og mætti Anju og kunnuglegu starfsfólkinu hennar, heyrði í börnunum, var kökkurinn í hálsinum að kæfa mig og ég sá allt í móðu. Mikið á ég þessu fólki að pakka. Þetta var í húsnæði sem nýbúið er að flytja skrifstofuna í. Allt var rúmgott, Anju tók okkur opnum örmum og pakkaði gjafirnar. Í tveim herbergjum voru börn og fóstrur að sinna þeim, allar með börn í fanginu, nokkur að skríða um gólf, önnur í vöggum. Ákveðið var að við kæmum aftur til að taka myndir af tveim börnum sem fara heim til Íslands með vorinu. Anju lýsti fyrir okkur áætlunum sínum. Hún var á leiðinni á fund með yfirvöldum til að kynna fyrir þeim nýja deild sem hún er að koma á fót fyrir fötluð börn. Þar verður góð aðstaða og faglærðir proskapjálfar og sjúkrapjálfar sem einnig munu sinna öðrum börnum







á vegum barnaheimilisins. Það var mikill hugur í henni. Fjármagnið kemur frá Bandaríkjunum og hún er bjartsýn á samstarfið.

### Kveðjuhátið brúðarinnar

Síðdegis á fimmtudeginum var komið að því að halda aftur á heimili Amiya. Að þessu sinni var fjölskylda brúðarinnar saman komin til að halda henni kveðjuhátið svo það voru ekki eins margir og síðast. Brúðurin sat á stigapallinum og tók við kveðjum gestanna sem krupu fyrir henni hver á fætur öðrum, ég þar á meðal. Aftur var matarveisla í tjaldinu á þakinu og við sýndum miklar framfarir í borðsiðum. Nú kunnum við að geyma vinstri hendina undir borðinu og notuðum alla puttana við að skófla í okkur veisluföngunum. Við vorum að verða hluti af fjölskyldunni, það var ekki um að villast. Eftir matinn dró móðir brúðarinnar fram hljóðfæri sem er eins

og harmónika sem liggur útaf og spilaði og söng angurværan söng. Hún var að kveðja litlu stúlkuna sína sem nú hafði snætt sína síðustu máltíð á heimilinu sem hrein mey. Á leiðinni heim í myrkrinu ókum við í gegnum hverfi þar sem verið var að selja líkneski af gyðju tónlistar og menntunar, Sarasvati. Þau voru þar í þúsundatali og í öllum stærðum, búin til úr bambus í uppistöðu og mótuð með leir úr ánni. Þau voru flutt heim á allskyns farartækjum og gleðin og eftirvæntingin var allsráðandi. Næstu daga sáu við líkneski Sarasvati á blómum skryddum ölturum um alla borg.

### Brúðkaupsdagurinn

Föstudagurinn 3. febrúar var stóri dagurinn. Hátið Sarasvati og brúðkaupsdagurinn runninn upp. Við klæddum okkur og fórum fyrst heim til Kosigi því hún ætlaði að sýna okkur heimilið og Sarasvati altarið sem þau höfðu sett upp. Það var mjög lærdómsrík heimsókn að sjá hvernig stórfjölskyldan býr saman, allar kynslóðirnar, hver hjón með eitt herbergi allt annað sameiginlegt. Í miðju húsinu stóð altarið en þar hafði farið fram athöfn með presti fyrr um daginn helguð Sarasvati til að stuðla að góðri menntun barnanna í fjölskyldunni. Svo fórum við í veisluna og vorum með fyrstu gestunum. Það sem við áttum eftir að upplifa þarna sló allt út. Fimm hundruð gestir, dýrðin öll og fegurðin, maturinn og serimóníurnar. Hljómsveit spilaði, brúðurin beið í blómaskrúði, prestur sat á gólfinu og fór í gegnum allt ritúalið, öll smáatriðin, blómin, hljóðin, ilmurinn, litirnir og efnin. Það er bara ekki hægt að lýsa þessu með orðum. Brúðhjónin urðu eitt og það var algjörlega sannfærandi, hamingjan skein úr hverju andliti, kátínan og gleðin allsráðandi. Já þvílíkur silkifans! Okkur tókst meira að segja að laumast bakvið tjöldin og fylgjast með kokkunum sem unnu sveittir við ótal rétti, sitjandi á hækjum sér að baka nanbrauð yfir eldi, grilla kjöt á teinum sem lágu lóðréttir í tunnu, djúpsteikja

fiskibollur í risastórum pottum. Þeir voru ekki hvítklæddir og heldur ekki með kokkahúfur!

### Með Anup

Anup er leiðsögumaður sem er mörgum foreldrum í ÍÆ að góðu kunnur. Fyrir ferðina hafði ég samband við hann með tölvupósti í þeirri von að hann gæti látið einhverja af draumum okkar um Indland rætast. Anup klikaði ekki, hafsjór af fróðleik. Við vorum með honum tvo daga í ferðinni. Fyrri daginn fórum í nokkur ólík hof sem voru hvert öðru fegurra. Rápuðum um matarmarkaði og heimsóttum Kalighat hofið og heimili Móður Theresu fyrir hina deyjandi. Staðurinn þar sem hún byrjaði starfsemi sína fyrir þá sem minnst mega sín og sem enn starfar í hennar anda. Einnig heimsóttum við heimilisiðnaðarfélag Bengalhéraðs. Síðari daginn fórum við með Anup opp í sveit, skoðuðum merkileg terrakottahof í Vishnipur og pínulitla vefstofu þaðan sem komu undraverð sari og sjöl. Við ókum í gegnum ótal þorp og endalausa hrísgrjónaakra. Allstaðar var fólk að vinna, marglitir sariarnir bogruðu í vatni, uxar plægðu akra og kýr röltu um. Við stöldruðum við í einu smáþorpi með moldarkofum þar sem fjölskylda var að undirbúa máltíð. Allt virtist ómengað af túrisma þrátt fyrir stórmerkilega sögu og byggingar. Þessi ferð var algjör andstæða við borgarlífið, víðátta, rólegheit og allt svo fagurgrænt.

En veisluhöldum var ekki lokið og eftir að hafa ekið 500 kílómetra og upplifað sveitina snöruðum við okkur í veislugallana í síðasta sinn og fórum í stóra móttöku í boði fjölskyldu brúðgumans með tilheyrandi margrétta máltíð innan um hundruð gesta. Nú vorum við mættar sem fulltrúar







fjölskyldu brúðarinnar. Það fór ekki á milli mála að við vorum orðnar hluti af indverskri fjölskyldu og þurftum að kveðja marga vini sem við höfðum eignast. Það var ekki svo auðvelt.

Síðasta daginn fórum við mamma og Anna aftur á barnaheimilið, hlaðnar myndavélum. Við byrjuðum á nýju skrifstofunni þar sem við hittum litla snót, sex mánaða gamla og mynduðum hana. Anju hafði komist að því hvað ég var að bralla í búðinni minni á Íslandi og hafði nú tínt til vörur fyrir mig frá handverksfólki í sveitapörpum. Hún sagðist oft vera spurð hvort hún gæti ekki komið þeim á framfæri og sá sér þarna leik á borði. Við lögðum á ráðin um frekara samstarf, þannig



að barnaheimilið nyti góðs af og er ég mjög ánægð með þetta óvænta innlegg í ferðina sem vonandi verður framhald á. Við hittum Tony son Anju, konuna hans og syni þeirra tvo sem kíktu við hjá ömmu. Þaðan fórum við í útibú barnaheimilisins við Lake View Road þar sem bæði börnin mín höfðu verið og var það tilfinningaþrungnið fyrir mig að koma þangað. Það var ólýsanlegt að sjá konurnar með börnin í fanginu og við hittum ungan snáða, átta mánaða gamlan sem bráðum verður kominn í fang foreldra sinna á Íslandi.

## Kolkata

Kolkata er borg sem sannarlega er að ganga í gegnum miklar og örur breytingar. Alls staðar er verið að byggja ný hús. Mér fannst mjög margt hafa breyst þó ekki sé langt síðan ég var þar síðast. Mikið af nýjum bílum og fólk með stafrænar myndavélar og farsíma. Við fórum í gleraugnað sem er sú flottasta sem ég hef séð og mamma fékk sér gleraugu út á nýja sjónmælingu að heiman. Hún borgaði líklega ferðina sína með þeim kaupum, verðið var svo hagstætt. Þessi búð er í Park Street sem margir íslenskir kjörforeldrar þekkja. Þar í götunni fór ég líka í nýja búð sem selur geisladiska með tónlist og bímyndum og keypti nokkra slíka sem gaman hefur verið að skoða. Kolkatabúar státa



af kvikmyndaiðnaði sem er eins ólíkur Bollywood og munurinn á myndum frá austur og vesturströnd Bandaríkjanna. Við áttum líka góða stund í Oxford Book Store, fórum heim með slatta af skáldsögum sem enn er verið að svelgja í sig og eyddum nokkrum klukkustundum á árlegri bókamessu þeirra sem sögð er sú stærsta í Asíu. Þar var mikið um að vera. Eina stutta kvöldstund lentum við á dans- og söngsýningu þar sem túlkuð voru vorljóð eftir Nóbelskáld borgarinnar, Tagore.

En sumt breytist ekki, krákurnar syngja enn og bilflauturnar óma, kindur og geitur fara um götur í hópum, fólk býr á gangstéttum og baðar sig við vatnshana. Konurnar sitja á hækjum sér og sauma bútasaumsteppi úr gömlum tuskum að bengölskum síð. Börnin brosa fáklædd.

Erlendir ferðamenn eru ekki áberandi í Kolkata nema helst í nágrenni við hótelin. Borgin hefur ekki þótt hafa aðdráttarafl eins og margir aðrir staðir á Indlandi sem þeir sækja frekar. Þeir útlendingar sem við hittum voru komnir til að vinna einhverskonar sjálfboðavinnu, meðal annars á vegum stofnana Móður Theresu. En Kolkata er í raun stórkostleg menningarborg og þar er margt að sjá sem getur höfðað til ferðamanna með ólík áhugamál. Smám saman verður hún hreinni og aðgengilegri og er ég sannfærð um að hún á eftir að verða fjölsótt í nánustu framtíð. Eitt er víst að Kolkata er orðin stór hluti af sjálfri mér og vonandi kemst ég þangað aftur, dag einn með börnin mín.

Alda Sigurðardóttir





# Hugleiðingar eftir Indlandsferð

Þessi upplifun að heyra um hvernig Gyðjan rís úr djúpinu og hverfur svo aftur í djúpið var fyrir mig einhver sú sterkasta á Indlandi. Að sjá fyrir mér hvernig allt var notað og endurnotað og notað aftur - hina fullkomnu hringrás sem þó var óhjákvæmilega að rofna vegna borganna og nútíma iðnaðar, og sem hlaut að hafa skelfilegar afleiðingar, sagði mér eitthvað ósegjanlega djúpt um hvernig lífið hér á jörðu hafði verið frá órofa öldum. Ég hafði aldrei skynjað heiminn svona sem heild og hringrás - ekki einu sinni í Öræfasveitinni áður en vegurinn kom.

Í okkar hlut kom að sjá Gyðju lærdóms og lista, Sarasvati, endurlífsgast, dvelja hjá okkur um stund og kveðja. Það rifjaðist upp sem stóð í ferðapésanum að gyðjudýrkun hafði verið afar sterk á þessu svæði og hvorki Aryunum úr norðri, sem færðu fólkinu Hindúismann, eða Múslimum með sína Múhameðstrú gafst nægilegt tóm til að ryðja burt hinum fornu gyðjum, Móðurgyðjunni eða staðargyðjum, og niðurstaðan af þessum blendingi varð sú að þó Móðurgyðjan sé ekki viðurkennd eða tilbeðin lengur komu í hennar stað eiginkonur hinna þriggja aðalguða Hindúanna. Að auki hafa ýmsir siðir Múhameðsmanna

náð að festa sig í sessi í menningunni eins og fórnir geitfjár í hofi Kalíar.

Leirinn úr fljótinu sem varð að einnota bollum, sóttreinsaður í brennsluofninum, var svo brotinn aftur og varð að dufti á götunni og sóðaðist enn einu sinni í ána. Laufin í skóginum, líka þau sem voru fölnuð, áttu eftir að þjóna sínum hinsta tilgangi með því að vera pressuð í diskana og falla svo í götuna í borgunum handa hundum og geitum að japla á. Hvort það var hundaskítur líka sem slett var á stólpa og veggi til að þorna vissum við ekki en hafi svo verið lenti hann kannski undir ofni leirbrennslumannsins...

Að lokum fannst mér að Gangesfjótíð með leir sínum, sápuskoli, saur og matarleifum og jafnvel dýraskrokkum ef ekki manna væri samt fljót hinnar Miklu móður eða réttara sagt hin Mikla móðir sjálf. Hvað er líkami okkar annað en þetta. Saur, vessar og blóð, lifandi og deyjandi frumur, matarleifar galore ... maðurinn gerður af leir segja þeir kristnu en er þó mest vatn.

Hildur Hákonardóttir



## Kynning á rannsókn

Fyrirhuguð er rannsókn á heilsu og líðan ættleiddra barna á Íslandi. Fyrirmynd hennar er rannsókn sem Dr. Dana Johnson gerði í Minnesotafylki í Bandaríkjunum á árunum 2001 til 2002. Rannsóknin er á vegum Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans í samvinnu við Háskóla Íslands og Íslenska ættleiðingu. Gildi þessarar rannsóknar felst fyrst og fremst í því að auka skilning á almennri líðan ættleiddra barna á Íslandi og aðstæðum þeirra auk þess sem rannsóknin getur gefið upplýsingar um hvort þau og foreldrar þeirra fái viðeigandi þjónustu. Mikil þörf er á þessum upplýsingum þar sem sambærilegra gagna hefur ekki áður verið aflað á Íslandi, en undanfarin ár hafa rannsóknir staðið yfir erlendis, t.d. í Bandaríkjunum og á Bretlandi.

Vert er að nefna að í rannsókn Dr. Dana Johnson kom fram að foreldrar ættleiddra barna hefðu viljað vita fyrir ættleiðingu um mögulega erfiðleika barns síns til þess að vera betur í stakk búnir til að takast á við vandann og enn fremur að þau töldu að þessar upplýsingar hefðu ekki breytt neinu um ákvörðun þeirra til að ættleiða barnið.

Börn sem ættleidd eru á milli landa hafa sum búið við slæm skilyrði og orðið fyrir neikvæðri lífsreynslu fyrir ættleiðingu sem haft getur áhrif á heilsu þeirra og þroska. Vandkvæði í hegðun eða þroska geta komið fram hjá hvaða barni sem er en ættleidd börn sem búið hafa við slæm skilyrði eru þó í meiri hættu. Meðal þeirra þátta sem auka líkur á erfiðleikum barnanna eru áfengisneysla móður á meðgöngu, vannæring og langvarandi stofnanavist. Rannsóknir benda til að þessir áhættuþættir geti aukið líkur á skertum þroska og vexti, erfiðleikum við myndun geðtengsla, ofvirkni- og einhverfueinkennum, námserfiðleikum og litilli félagsþæfni, svo dæmi séu nefnd. Þrátt fyrir þetta virðist stór hluti barna í slíkum áhættuhópi komast hjá alvarlegum vandamálum og spjara sig vel.

Hugtakið tengslaröskun heyrir oft í umfjöllun um ættleidd börn. Myndun grunntengsla er talin eiga sér stað á fyrstu vikum og mánuðum ævinnar. Jafnvel er talið að myndun grunntengsla hefjist strax í móðurkviði. Grunntengsl er mikilvæg forsenda fyrir geðheilbrigði síðar á lífsleiðinni og fyrir hæfileikann til að mynda nán tengsl við annað fólk, maka og eigin börn. Tengslaröskun er rakin til vöntunar á grunntengslum barns við umönnunaraðila á fyrstu vikum og mánuðum lífs þess. Börn sem þannig er ástatt fyrir sýna oft afbrigðileg tilfinningatengsl bæði við börn og fullorðna, félagshegðun þeirra er ábótavant og hegðunarerfiðleikar algengir. Ljóst er að ákveðinn hópur ættleiddra barna er í áhættu hvað varðar tengslamyndun vegna aðstæðna sinna á fyrstu vikum og mánuðum lífs síns. Mikilvægt er því fyrir bæði foreldra og aðra sérfræðinga sem koma að máli ættleidds barns að átta sig á einkennum tengslaröskunar og hvernig megi bregðast við henni með viðeigandi uppeldisaðferðum.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hagi þeirra barna sem ættleidd hafa verið erlendis frá undanfarin ár. Með tilliti til mögulegra taugasálfræðilegra frávika er reynt að afla eins nákvæmra upplýsinga um aðbúnað og aðstæður þeirra fyrir ættleiðingu og kostur er, sem og kannað hvort ættarsaga þeirra sé þekkt. Í rannsókninni verður m.a. notast við staðlaða spurningalista sem ætlað er að athuga geðræna erfiðleika og hegðunarvanda hjá þessum hópi. Athugað er hvort og þá hvaða sérþjónustu þau njóta í skólakerfinu og reynt þannig að kortleggja þjónustupörf þeirra. Ópersónugreinanlegir spurningalistar verða sendir til fjölskyldna um það bil 300 barna, 18 ára og yngri, sem ættleidd hafa verið til Íslands erlendis frá í gegnum Íslenska ættleiðingu. Að rannsókninni standa Málfríður Lorange taugasálfræðingur á Barna- og unglingageðdeild LSH, Dagbjörg B. Sigurðardóttir sérfræðingur í barna- og unglingageðlækningum, Kristín Kristmundsdóttir félagsráðgjafi, Björg Sigríður Hermannsdóttir nemi, Linda Björk Oddsdóttir nemi og Jakob Smári prófessor í sálfræði við HÍ.



# Hver tekur við forsjá barns eftir andlát foreldra ?

Að undanförunu hefur verið nokkur umræða meðal félagsmanna ÍÆ um það hvernig foreldrum sé rétt að standa að því að ákveða hver skuli fara með forsjá barns/barna þeirra, komi til þess að þeir falli frá. Umræðan hefur einna helst heyrst meðal þeirra einhleypu kvenna, sem á síðustu árum hafa ættleitt börn, en þó báðum foreldrum sé til að dreifa er vissulega eðlilegt að hugað sé að þessum málum og fólk geri sér grein fyrir þeim möguleikum sem fyrir hendi eru í þessu sambandi.

Í nágildandi barnalögum nr. 76/2003, sem tóku gildi þann 1. nóvember 2003, er m.a. kveðið á um þetta. Þar er í fyrsta sinn lögfest heimild fyrir foreldra til að mæla fyrir um það með sérstakri yfirlýsingu, hver skuli fara með forsjá barns þeirra að þeim látnum. Samkvæmt eldri barnalögum nr. 20/1992 var hins vegar lögbindið hvernig færi um forsjána við fráfall foreldra.

Umrætt ákvæði í nýju barnalögunum er að finna í 6. og 7. mgr. 30. gr. laganna. Í 1. - 4. mgr. 30. gr. er fjallað um það hvernig fari um forsjá barns við andlát forsjáforeldris þegar foreldrar eru ekki í hjónabandi eða sambúð, m.a. þegar stjúpforeldrum er til að dreifa. Í 5. - 7. mgr. er hins vegar fjallað um það þegar báðir eða eina foreldri barns fellur frá og barn verður forsjálaust. Þar segir:

„Verði barn forsjálaust vegna andláts forsjáforeldra hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar. (5. mgr.)

Nú hafa forsjáforeldrar ákveðið hver eða hverjir fara skuli að þeim látnum með forsjá barns þeirra og skal þá eftir því farið nema sú ákvörðun sé andstæð lögum eða annað þyki barni fyrir bestu. (6. mgr.)

Yfirlýsing skv. 6. mgr. skal gefin bréflega og skal undirritun hennar staðfest af sýslumanni eða héraðsdóms- eða hæstaréttarlögsmanni. Það skal skýlaust tekið fram að útgefandi yfirlýsingarinnar hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirritun sína í viðurvist þess er undirskriftina staðfestir og að honum hafi verið leiðbeint um réttaráhrif yfirlýsingarinnar.“ (7. mgr.)

Rétt er að undirstrika þær ríku kröfur sem gerðar eru um

form yfirlýsingar foreldris/foreldra samkvæmt framangreindu lagaákvæði. Því er mikilvægt að vandað sé til verka við frágang hennar.

Einnig má benda á að þetta lagaákvæði helst í hendur við 51. gr. lögræðislaga nr. 71/1997, en þar er mælt fyrir um heimild foreldris til að ákveða hver skuli að því látnu vera fjárhaldsmaður barns. Með þessum lagaákvæðum hefur því verið tekið af skarið um það að veita foreldrum heimild til að ákveða fyrirfram hver skuli fara með bæði fjárhald og forsjá barns undir þessum kringumstæðum.

Þær einhleypu konur, sem ættleitt hafa börn á síðustu árum, hafa trúlega allar, við meðferð ættleiðingarmálsins, þurft að tilgreina þann eða þá aðila sem taka skuli við forsjá barns þeirra komi til þess að þær falli frá. Slík yfirlýsing, gefin erlendum ættleiðingaryfirvöldum, verður hins vegar ekki talin hafa sama skuldbindingargildi hér á landi og yfirlýsing skv. 6. og 7. mgr. 30. gr. barnlaganna, þótt væntanlega yrði lítið til hennar, eftir því sem við á, við ákvörðun um það hver taki við forsjá barns þeirra. Þeim konum er því jafn nauðsynlegt og öðrum að kveða á um það með skýrum hætti í yfirlýsingu, sem uppfyllir skilyrði barnlaganna, vilji þær vera öruggar um að eftir vilja þeirra verði farið.

Vonandi hefur þetta stutta yfirlit yfir hið nýja ákvæði, sem barnalögin hafa að geyma um þetta málefni, veitt ykkur næga innsýn til að geta tekið ákvörðun um það hvort þið viljið taka af vafa um það hvernig þið teljið hagsmunum barns eða barna ykkar best borgið komi til fráfalls ykkar. Líklega er enginn jafn vel í stakk búinn til að meta þarfi barna okkar undir slíkum kringumstæðum og við foreldrarnir.

Fyrir þá, sem áhuga kunna að hafa á því að kynna sér efni barnlaganna, í heild eða að hluta, bendi ég á vefsíðu Alþingis ([www.althingi.is](http://www.althingi.is)) en þar er að finna aðgengilegt lagasafn þar sem ýmist er hægt að leita eftir númeri eða heiti þeirra laga sem leitað er að.

Elín Norðmann,  
kjörmóðir og lögfræðingur.

Ef þú verslar á Netinu...

...gefðu þá ekki færi á þínu númeri

Verified by  
VISA

4000 0014 3456 7899

Aukið öryggi í netverslun.

Hægt er að sækja um Vottun VISA á [www.visa.is](http://www.visa.is) og þú færð lykilorðið sent heim.

VISA  
Öryggi og þægindi



Sumir heimilisvinir láta lítið fara fyrir sér

Við vildum samt aldrei án þeirra vera. Þeir taka vel á móti okkur þegar við komum heim eftir skemmtilegt kvöld á Vetrarhátíð, kveikja ljósins, hita ofnana og koma upp suðu á bolla af heitu te. Þessir hæglatu heimilisvinir fara ekki fram á neinar sérstakir þakkir. Þeir eru ánægðir ef heimilisfólkið er ánægt og nýtur þess að vera til í birtu og yl. Þeir eru góðir heimilisvinir.

Orkuveita  
Reykjavíkur

# BARNAOÞNAN

## Í AMSTRÍ DAGSINS

Alltaf eitthvað að gera og vinna og leika sér. Það er svo gaman!



Egill Vatnar  
Bragason,  
myndasería frá í  
vetur.



Björgvin Koustav Hreinsson er átta ára og sendi okkur þessar tvær fínu myndir. Hann er hér til hliðar með mömmu og bróður sínum Ægi Ranjan í indverskum fötum.



### Efni í næsta blað

Ritnefndin hvetur alla krakka, stóra og litla, til að senda inn efni í blaðið. T.d. teikningar, gátur, brandara, ljóð og svo auðvitað ljósmyndir af ykkur við ólík tækifæri.





# VERÐLAUNAGETRAUN

Lestrarhesturinn, fræðandi bóka-klúbbur fyrir börn og unglinga, stendur fyrir getraun hér á síðunni og eru allir krakkar hvattir til að taka þátt í henni. Svörin eru í fimm litlum fróðleiksmolum sem finna má hér og þar í blaðinu. Krókóðillinn vísar veginn, lestu vel og svaraðu svo spurningunum hér til hliðar. Sendu svörin ásamt nafni, heimilisfangi og aldri til:

Lestrarhesturinn  
Mörkinni 1  
108 Reykjavík

Skilafrestur er til 7. júlí 2006. Allir sem senda inn svör fá bók frá bókaútgáfunni Skjaldborg í viðurkenningarskyni og verða þær afhentar í útilegunni að Reykhólum 7. - 9. júlí. Þeir sem ekki komast í útileguna fá sína bók senda heim.

1. Hvers vegna notar Montanafólkið krókóðilatennur í verndargripi?
2. Hvað getur Nilarkrókóðillinn orðið langur? Nefndu tvennt sem hann hefur stundum étið?
3. Hvers vegna eru fuglar svona eftirsóttir sem gæludýr?
4. Hvers vegna eru flestir heimiliskanarífuglar karlkyns?
5. Hvaða fuglar eru vinsælir heimilisfuglar í Kína og hvers vegna?
6. Hvað heitir lirfan sem skriður úr eggí fiðrildisins?
7. Hver stendur fyrir þessari getraun?
8. Hvað eru margir krókóðilar í blaðinu?

## ÚTILEIKIR

### Mamma mamma má ég?

Einn þátttakenda grúfir sig við vegg, hinir hrópa: „Mamma mamma má ég?“

Mamma svarar t.d. „tvö lítil hænuskref“. Allir taka þá tvö lítil hænuskref. Þannig er haldið áfram þangað til allir eru komnir að veggnum. Sá sem síðastur kemur að veggnum „klukkar“ mömmuna og mega þá allir hlaupa af stað til baka. Mamman hleypur líka af stað og reynir að ná einhverjum sem verður þá mamman. Hægt er að taka hænuskref, risaskref og venjuleg skref. Mamman ræður hvað hún velur í hvert skipti og hve mörg.

### Brennó.

Það þarf að hafa brennibolta.

Skipt í tvö lið, sitt hvoru megin við miðlínu. Í hverju liði er einn höfðingi sem er fyrir aftan lið andstæðinganna. Allir mega kasta. Ef einhver fær knöttinn beint í sig er hann úr og fer hann til höfðingja hins liðsins. Ef boltinn fer í höfuðið eða fyrst í gólfið er hann ekki úr. Ef einhver grípur er sá úti sem kastaði. Þegar einn er eftir í liðinu fer höfðinginn inná og hefur 2 líf. Þegar enginn er eftir sigrast hitt liðið.

### Verpa eggjum.

Það þarf að hafa brennibolta.

Þátttakendur standa í röð andspænis húsvegg. Sá fremsti kastar bolta í vegginn og hoppar svo yfir hann með fætur í sundur og næsti fyrir aftan grípur. Sá fremsti hleypur aftast í röðina þegar hann er búinn að kasta. Ef einhverjum mistekst er hann úr leik.

## SÚKKULAÐIKAKA

Mörg börn eru með ofnæmi eða óþol fyrir eggjum og mjólkurvörum.

Hér er uppskrift að dýrindis súkkulaðiköku sem er án eggja og með sojamjólki.

Gott er að smyrja kökuna með súkkulaðiglassúr þegar hún er orðin köld og skreyta síðan að vild.

- 2 ¼ bolli hveiti
- 1 1/2 bolli sykurl
- ½ bolli kakó
- ½ bolli heitt vatn
- 1 bolli sojamjólki
- 1 bolli olía
- 1 tsk. matarsóði
- 1 tsk. lyftiduft
- vanilludropar
- ögn af salti



Öllu hrært saman og bakað við 180 gráður í 50 - 60 mín.

Heimild: FS-blaðið, 1. tbl. 2005. (Uppskriftin kemur úr uppskriftakistu Siggú og Írisar matreiðslukvenna á leikskólanum Mánagarði.)



# Konurnar í þorpinu

Á morgun verður skoðunarferð í sveitaþorp sagði gædinn. Kínverjarnir voru skipulagðir og reyndu eins og mögulegt var að koma okkur í tengsl við þeirra menningarheim, til að rætur stúlkanna yrðu okkur að einhverju leyti ljósar og við gætum komið einhverju áleiðis til þeirra, þegar það færi að skipta þær máli. Þess vegna var dagskráin þéttskipuð skoðunarferðum.

Það voru fjórir dagar síðan við fengum dóttur okkar í fangið. Hún hafði verið lasin alla þessa daga og auðvitað mikið álag á okkur öllum, þó ekki kæmu þessi veikindi til viðbótar. Enn ein skoðunarferð hljómaði því ekki spennandi. Við veltum fyrir okkur hvort það væri dónalegt í garð gestgjafanna að við sætum heima, niðurstaðan var að fara ef við gætum. Nóttin fyrir ferðina var erfið og hálf tíma fyrir ferð sofnaði sjúklingurinn Guðrún Edda inni á hótélherbergi. Niðurstaðan var að pabbinn færi í ferðina en mæðgurnar hvíldust heima á hótelinu.

Strax og sest var inn í rútuna (sem heitir langferðabifreið á betri íslensku) fyrir utan hótelið fór þessi ferð að vera merkileg. Það sem gerði hana merkilega var formálinn sem gædinn hafði að þessu ferðalagi, samhengið sem hann setti þessa ferð í. Gædarnir voru tveir. Það var Vivian sem tók á móti okkur í Beijing og hélt utan um hópinn allan tímann og staðargædinn Glen sem annaðist okkur ásamt Vivian í borginni Nanning, þar sem börnin fengu foreldra.

Glen setti þetta ferðalag í gang með ágætum inngangi. Þegar rútan mjakaðist af stað sagði hann að upplagt væri þennan seinasta dag okkar í Suður-Kína, að skoða dæmigert sveitaþorp til þess að við kynntumst bakgrunni stúlkanna betur. Stúlkurnar sem yfirgefnar eru

í Kína, koma flestar úr sveitum og fátækum héruðum. Þess vegna væri mikilvægt fyrir okkur að sjá dæmigert þorp. Svo flutti hann fróðlegt yfirlit um aðstæður fólks sem yfirgefnar börn sín þar í landi.

Í Kína búa eitt þúsund og þrjú hundruð miljónir manna. Það er mikið. Kínamenn vilja draga úr fólksfjölda og banna fólki að eiga fleiri en eitt barn. Líftryggingakerfið er þannig að sonur vinnur fyrir fjölskylduna og sér fyrir öldruðum foreldrum. Hefðin er víða þannig ennþá að stúlka giftist inn í aðra fjölskyldu og hefur jafnvel ekkert samband við foreldra sína eftir það, hvað þá að hún sjái fyrir þeim í ellinni. Árstekjur sveitafólks samsvara um 25.000 krónum íslenskum. Ef fólk ætlar að eignast annað barn, af því að það fyrsta fæðist stúlka, kostar það greiðslu til ríkisins sem nemur 65.000 krónum. Nærri þremur árslaunum. Þetta fólk er illa menntað og er því í klemmu, ef það flytur til borgarinnar gengur það ekki að góðum störfum vísun. Einn hópur vinnandi manna nýtir sérstakrar virðingar í Kína. Það er auðvitað gott að hafa vinnu, en það er virðingarvert að vinna hjá ríkinu, þetta sýnir auðvitað ákveðinn félagsþroska. En ef ríkisstarfsmaður ákveður að eignast annað barn, er hann sviptur vinnu sinni, lífsbjörginni og virðingunni. Það er því svo að körlum fjölga umfram konur í Kína, um hálfa miljón árlega. Því miður verður þessi mismunur ekki skýrður með ættleiðingum eingöngu.

Nú nálgumst við þorpið sagði gædinn Glen. Pabbinn, sem sat einn, hugsaði auðvitað; kannski er þetta akkúrat þorpið sem Guðrún Edda kemur úr, kannski horfi ég á fólkhið hennar og það á mig - og enginn veit neitt um tengslin - og enginn mun nokkurn tíma

vita neitt slíkt, því það er ólöglegt að yfirgefa barn í Kína. En möguleikinn er til staðar og þorpið er dæmigert, það er aðalatriðið. Framundan blasa við trjágöng, þetta er virðuleg aðkoma að þorpi hugsar pabbinn. Gædinn leggur óvanalega áherslu á hógværa framkomu við íbúa. Ekki fara inn í þorpið, haltu þig á jaðrinum og akrinum, ekki taka myndir af fólki nema fá leyfi. Pabbinn skrifar aðdráttarlinsu á Nikoninn og hugsar til þess að trjágöngin gefi fyrirheit um mikið og fagurt myndefnið. Verst að mamman er heima.

Fegurðin var jafnlöng trjágöngunum. Þegar út úr þeim var komið, blasti við töluvert þorp, við þessa aðalgötu sem var mjóslegin og malarborin. Þorpið var ekki byggt um torg, það var reist upp af akri, og reist er kannski of reisulegt orð. Húsin virtust ekki reisuleg séð frá veginum, sem skildi að akurinn og þorpið. Það var eins og þeim væri klastrað hvert utan á annað og listasögulegt gildi sjálfsagt ekki mikið. Þetta voru rauð múrsteinshús með járn á þaki, skókk og sigin og ógerlegt að sjá úr fjarlægð mun á útihúsi og mannabústað. Minnti um margt á íslenska sveit eins og hún gerðist verst fyrir kannski fjórutíu árum. Eins og svoleiðis býlum hefði verið hrúgað upp í klasa.

Niður úr aðalgötunni lá troðningur út á akurinn sem þakti þennan breiða dal. Vegirnir mynduðu þannig nokkurskonar T. Eins og komma fyrir ofan téið reis tótensúla ellegar öndvegissúla, höggvin í stein. Hún var til verndar þorpi og akri og ákall til góðra vætta um gott gengi og góða uppskeru. Súlan var falleg, skreytt tilhöggnum kinnverskum táknum, rauðmáluðum og glansandi. Nærri súlunni sátu allir karlmennirnir sem við sáu í þorpinu. Sátu á bekk eða hækjum sér eins og siður er, en







sumir hölluðu sér upp að vegg. Þeir spjölluðu hver við annan og auðvitað ekki vanþörf á. Það er örugglega margt sem þarf að ræða í svona þorpi, e.t.v. var umræðuefnið þessi hópur spenntra Norðurlandabúa sem ráfaði um svæðið og myndaði kúamykju og kálfa eins og undur veraldar hefðu lokist þarna upp.

Pabbinn ráfar niður á akurinn þar sem hver nytjajurtin af annarri dafnar í formföstu, ógyrtu skipulagi. Þar eru konur að störfum. Þær reyta, bera á, þjakka og pæla. Sumar hafa klafa um axlir og niður úr klafanum beggja vegna hanga körfur og fötur. Sumar bera vatnsfötur í klafa og hafa ausur með, það þarf að vökva. Pabbinn mundar Nikoninn og tekur frábærar myndir. Konurnar gefa sig ekki að aðkomumanni, snúa í hann baki og vinna. Þetta er greinilega erfiðisvinna hugsar pabbinn og rifjar upp heimsókn sína á baráttusamkomu kvenna á Þingvöllum fyrr um sumarið. Ungu stúlkan með eldmóðinn hreyfði ein við samkomugestum, þegar hún sagðist bæði hafa unnið á leikskóla og í byggingavinnu og hún undraðist hvaðan frasin um erfiðisvinnu væri kominn.

Það hlýtur að vera ægilega erfitt að bera vatn á herðum sér niður á akur, deila þar út dropanum með ausuna að vopni, svo allt megi dafna. Og fara svo og sækja meira vatn. Mikið er nú gott að þeir hafa eitthvað að tala um hugsar pabbinn sem lítur upp í þorpið og sér að karlarnir hafa ennþá svigrúm til að spjalla. Ætli það sé mikill launamunur hér hugsar pabbinn og leiðir hugann að minningarathöfn um kvennafrídaginn sem var nýafstaðinn á Íslandi. Ætli þessar konur fái yfir höfuð laun? Hver á þennan akur? Hvað veit ég? Hver er ég, sem get komið hingað og skoðað þrjátíu mínútur í lífi þorpsbúa, kann ekki

málið, þekki ekki forsendurnar, en fer strax að dæma?

Uppi í þorpinu hefur safnast svolitill hópur fólks hjá ferða-félögunum, sem höfðu dætur sínar nýfengnu að sjálfsögðu með í þessa skoðunarferð. Á leið upp í þorpið aftur er rétt að smella mynd af tóteminu og táknum, ruslahrúga hinumegin við veginn heillar líka ljósmyndarann, því þar á hvílir lúinn stráhattur. Óskaplega er mikið af plasti í þessum haug, inni í miðju Kína hefur plastið breitt úr sér líka, plastikheimur.

Innfæddir sem skoða Íslendingana eru börn og gamalmenni. Það er gleði í þessum kínverska hópi, og þau benda á börnin okkar, brosa og hlæja. Í því sem ég hugsa; Guðrún Edda gæti verið ein af þessum börnum, horfist ég í augun við jafnaldra hennar sem er svo líkur henni að hann gæti verið tvíburabróðir hennar. Mér bregður, en ekki meira en svo að ég man eftir að munda myndavélina. Fólkið hlær, íslenskt og kínverskt. Einhver segir eitthvað á kínversku og innlendir hlæja, við hlæjum með. Svo segir Íslendingur eitthvað og við hlæjum, Kínabörn og Kínakonur hlæja með. Þetta er vinsemd.

Ég brosi skökku brosi, er í uppnámi. Hvað ef, er svo stórt að það er ekki hægt að botna það. Ég er þakklátur fyrir að Guðrún Edda er ekki í þessu þorpi núna. Ég er feginn að hún þarf ekki að verða ein af konunum á akrinum. Hún verður ekki ein af konunum í þorpinu. Ég er óskaplega glaður að hún fær sitt tækifæri til náms og jafnréttis og vona að hún verði þannig einstaklingur að hún beri virðingu fyrir því fólki sem þarf að heylla lífsbaráttu, sem getur verið eins og klafi á öxlum þess.

Og hér er eflaust rétt að láta staðar numið - og segja takk.

Hörður Svavarsson

## Óskabarnið



Þann 23. apríl sl. hlaut Klara Geirsdóttir styrk frá Barnavinafélaginu Sumargjöf til þýðingar og útgáfu á sænsku bókinni Hjártat mitt, En saga om adoption eftir Dan og Lottu Höjer. Bókaútgáfan Skjaldborg mun sjá um útgáfu og dreifingu og standa vonir til þess að bókinn geti komið út fyrir næstu jól.

Bókin fjallar um hjón sem eignast óskabarnið sitt með ættleiðingu. Í sögunni segir frá lítilli stúlku sem vex og dafnar í móðurkviði og frá hjónum í fjarlægu landi sem munu eignast hana og sem fá af henni litla mynd. Um leið og þau fara að undirbúa ævintýraferðina fer litla stúlkan að vaxa í hjörtum þeirra.

Ritnefnd fréttablaðsins óskar Klöru innilega til hamingju og gefur henni orðið: „Ástæða þess að ég fór út í þetta er sú að ég er búin að leita að bók á íslensku um þetta efni. Bók sem ég gæti lesið fyrir son minn og ekki síður fyrir systkini okkar og vini að lesa fyrir sín börn. Það eru jú til bækur á íslensku fyrir börn um það hvernig börnin koma í heiminn, en engar um börnin sem ekki voru í maganum á mómmu sinni heldur fæddust í fjarlægu landi og komu heim með stóru flugvélinni. Við sem höfum ættleitt okkar börn, vitum hversu mikilvægt það er að skapa jákvæða umræðu um ættleiðingar og að sem flest börn viti hvers vegna sum börn hafa annan hörundslit en foreldrarir. Það er von mín að þetta litla ævintýri hjálpi öllum börnum og fullorðnum að skilja hvað ættleiðing felur í sér. Að vera ættleiddur er að alast upp í ástríku umhverfi og börn sem eru ættleidd eru mikið velkomin í heiminn.“



## Indlandsvinafélagið



Indlandsvinafélagið var stofnað árið 1978 og er tilgangur þess að kynna indverska menningu og siði. Haldnir eru fundir tvisvar til þrisvar á ári þar sem þessum tilgangi er sinnt. Félagið hefur m.a. gengist fyrir stórrí listmunasýningu, fyrirlestrum um Indland, danssýningu þar sem indversk kona sýndi listir sínar og haft ótal myndasýningar frá Indlandi. Íslenskar bækur voru á sínum tíma gefnar til Indlands og svo stóð félagið fyrir þýðingu á bókinni Gúru Góvinda eftir Gunnar Dal yfir á ensku og var meiningin að gefa hana út á Indlandi. Félagið var ætíð sendiráðinu í Osló innan handar og tók á móti starfsmönnum þess, þegar óskað var eftir því.

Félagið hefur styrkt nokkur börn til náms í Tamil Nadu frá árinu 1983 og

einnig veitt Indverjum sem hingað hafa komið leiðsögn um íslenskt samfélag. Íslendingar, sem hafa hug á að ferðast til Indlands hafa líka í gegnum árin fengið upplýsingar frá félaginu.

Til þessa hafa Íslendingar notið þjónustu indverska sendiráðsins í Osló til að fá vegabréfsáritanir og fleira. Í febrúar sl. var opnað íslenskt sendiráð í Delhi á Indlandi og í haust er gert ráð fyrir því að indverskt sendiráð opni í Reykjavík. Án efa á þetta eftir að hafa áhrif á menningarleg samskipti þjóðanna.

Skráðir félagar hafa mest verið rúmlega eitt hundrað og greiða þeir árgjald sem er kr. 1000. Formaður félagsins nú er undirrituð. Þeir sem hafa áhuga á að ganga í félagið geta sent tölvupóst á [amin@mi.is](mailto:amin@mi.is)

Harpa Jósefsdóttir Amin

## Kínversk-íslenska menningarfélagið

Samskipti Íslendinga og Kínverja hafa farið vaxandi á umliðnum árum og hefur kínversk menning auðgað íslenskt þjóðlíf og menningu. Blómgast nú bæði viðskipti og samskipti á sviðum vísinda og lista. Innan Kínversk-íslenska menningarfélagsins hefur safnast mikil þekking á málefnum Kína. Oft er leitað fanga hjá félagsmönnum Kínversk-íslenska menningarfélagsins um ýmis efni og hefur félagið stuðlað að vitrænni umræðu um ýmis kínversk málefni sem hæst hafa borið hverju sinni.

Á liðnum árum hefur nokkur hópur Kínverja sest að hér á landi. Er áhugi á að efla samstarfið við Félag Kínverja á Íslandi í náinni framtíð og jafnvel stofna Kínversk-íslenskt menningarsamband þar sem bæði félögin væru jafnréttá. Með þeim hætti verður hægt að virkja betur til starfa þá sem hafa hug á að beita sér fyrir samskiptum á hinum ýmsu sviðum menningar og lista.

Á undanförunum árum hefur nokkur hópur kínverskra barna verið ættleiddur hingað til lands. Vitað er að foreldrar barnanna hafa fullan hug á að rækta menningararf þeirra og gera kleift að njóta hins besta úr menningu beggja ríkja. Verður þetta vafalaust til að auðga enn þá menningarfjölbreytni sem ríkir hér á landi. Kím gæti orðið ákjósanlegur vettvangur fyrir slíkt menningarstarf og með fleiri félagsmönnum væri auðveldara að stofna til starfshópa um ýmis svið kínverskrar menningar. Félagið býður því foreldra barna af kínverskum uppruna hjartanlega velkomna til starfa innan vébanda þess. Stjórn Kínversk-íslenska menningarfélagsins hefur hug á að efla starf þess á næstu árum. Stefnt verður að því að fjölga fræðslufundum og félagið vill gjarnan beita sér fyrir ýmiss konar kynningu á kínverskum málefnum sem hæst ber hverju sinni.

Kím var stofnað árið 1953 og for-



maður félagsins er Ólafur Egilsson. Upplýsingar um félagið eru veittar í síma 897-3766. Einnig skal bent á heimasíðuna, [www.kim.is](http://www.kim.is). Umsóknir um aðild má senda á netfangið [kim@kim.is](mailto:kim@kim.is) eða [formadur@kim.is](mailto:formadur@kim.is). Árgjald er kr. 2.500.

Arnpór Helgason,  
varaformaður Kínversk-íslenska  
menningarfélagsins.



## Menningarfélagið Rúmenía - Ísland

Stofnfundur félagsins Menningarfélagið Rúmenía - Ísland var haldinn laugardaginn 13. maí 2006. Tilgangur félagsins er m.a. að kynna rúmenska menningu og sögu á Íslandi ásamt íslenskri menningu og sögu í Rúmeníu. Einnig stefnir félagið að því að vera virkur þátttakandi í gagnkvæmum menningarlegum uppákomum.

Félagið getur því verið tilvalinn vettvangur til þess að rækta menningararf þeirra barna sem hafa verið ættleidd frá



Rúmeníu. Félagið býður foreldra barna af rúmenskum uppruna hjartanlega velkomna til að ganga í félagið og sömuleiðis starfa innan vébanda þess.

Formaður félagsins er Jóhannes Georgsson. Umsóknir um aðild að félaginu má senda á netfangið [jo\\_bond@hotmail.com](mailto:jo_bond@hotmail.com). Árgjaldið er krónur 1500. Nánari upplýsingar í síma 567-6447.

Stjórn Menningarfélagsins Rúmenía - Ísland.



# Útgáfa fræðsluefnis



## Kjörfjölskyldan

Í apríl 2003 kom út bókin Kjörfjölskyldan sem ÍÆ lét þýða úr norsku. Höfundarnir eru Amalia Carli og Monica Dalen en þær hafa rannsakað margt sem snýr að ættleiðingum og ritað fjölda greina og bóka um málefnið. Amalia Carli er nú láatin en Monica Dalen var gestur á málþingi sem ÍÆ hélt vorið 2003.

Í bókinni er fjallað um aðstæður sem leiða til ættleiðingar barns, um breytingar á högum barnsins þegar það eignast nýja fjölskyldu, og um aðlögun barnsins og kjörforeldranna að nýju hlutverki sínu.

Bókin gagnast öðrum í fjölskyldunni, afa og ömmu, frændum og frænkum og fagfólki sem kemur að ættleiðingu, leikskólakennurum, grunnskólakennurum eða öðrum sem vilja kynna sér uppruna barnsins og hver áhrif ættleiðing getur haft á proska þess. Verð kr. 1000.

## Kjörbarnið og leikskólinn

Hér er fjallað m.a. í stuttu máli um ættleiðingarferlið, hvaða áhrif aðskilnaður getur haft á ung börn og tengslamyndun. Megin inntakið er þó kjörbarnið og leikskólinn, hvað ber að hafa í huga gagnvart börnunum og hvað ætti m.a. að varast í leikskólasterfinu þegar fjallað er um ýmis málefni sem tengjast börnunum sjálfum og fjölskyldum þeirra.

Allir foreldrar ættleiddra leikskólakennara ættu að gefa leikskólanum eintak af þessu riti. Verð kr. 600.

## Ættleiðing einhleypa

Á undanförunum árum hefur fjölgað í hópi einhleypa foreldra sem ættleitt hafa börn. Í ritinu er leitast við að varpa ljósi á það sem er sérstakt fyrir slíka fjölskyldu en jafnframt bent á það sem er sameiginlegt með öllum fjölskyldum sem hafa ættleitt. Verð kr. 600.

## Undirbúningsnámskeið fyrir umsækjendur um ættleiðingu erlends barns

Á undirbúningsnámskeiðum ÍÆ eru notuð tvö fræðslurit sem þýdd voru úr dönsku. Annað fjallar almennt um ættleiðingarferlið, um bakgrunn barnanna, aðdraganda ættleiðingar, kynforeldra og loks um kjörfjölskylduna og sérstöðu hennar. Verð kr. 1000.

## Heilsufar ættleiddra barna

Hitt ritið sem notað er á námskeiði fyrir umsækjendur fjallar um heilsufar ættleiddra barna og er yfirfarið og aðlagð af Gestí Pálssyni, barnalækni. Það er nauðsynlegt fyrir umsækjendur að þekkja til þeirra kvilla sem hrjáð geta börnin. Líka er fróðlegt að vita um þær læknisskoðanir sem börnin gangast undir, bæði erlendis og eftir heimkomu. Verð kr. 600.

Öll ritin eru til sölu hjá Íslenskri ættleiðingu.

Hægt er að panta þau í síma 588 1480 eða í tölvupósti, [isadopt@isadopt.is](mailto:isadopt@isadopt.is).



Vissir þú að: Úr eggi fiðrildis skriður lirfa, aflangur maðurur með margar fóttotur, svonefndur tólfótur. Þegar lirfan er orðin nægilega stór, tekur hún myndbreytingu og verður að vængjuðu fullorðnu fiðrildi.

# Tækniþrif ehf.

Fyrirtækjapjónusta - Símar 586-1465 og 895-0515, [clean@clean.is](mailto:clean@clean.is)

Önnumst öll dagleg þrif í fyrirtækjum og stofnunum  
og einnig á hátækniþúnaði.

## Í sparifötunum



## Úr Vísnaþók heimsins



Út er kominn diskurinn Úr vísnaþók heimsins. Þar syngja íslensk börn af ýmsum uppruna vísur og þjóðlög frá 18 löndum á 15 tungumálum undir stjórn Eypórs Gunnarssonar og Ellenar Kristjánsdóttur. Allar tekjur af sölu disksins renna óskiptar til aðstoðar Rauða krossins við munaðarlaus börn í sunnanverðri Afríku. Hér eru tveir textar af disknum í lauslegri þýðingu.

### Frá Kína

Shi shang zhi you ma ma hao (Mamma er best í heiminum)

Mamma er sú eina góða í heiminum.

Börn, sem eiga móður, eru henni eins og fjársjóður, hlaupa í faðm móður sinnar, og njóta endalausrar hamingju.

Mamma er sú eina góða í heiminum. Börn, sem eiga ekki móður, eru eins og gras, sem enginn hugsar um. Ef þau geta ekki hlaupið í faðm móður sinnar, hvar finna þau þá hamingju?

### Frá Rúmeníu

Rasa soara lui (Sólargeislar)

Þrír smalar mætast sólargeislar, sólblóm, svona tala þeir saman.

Förum bræður sólargeislar, sólblóm, tínum blóm.

Gerum krans sólargeislar, sólblóm, gleður oss um dimma daga.

Herrann varðveiti oss sólargeislar, sólblóm, varðveit oss frá illu Herra.

Ver með oss Herra sólargeislar, sólblóm, í gleði og sorg.





### Pekingönd

Pekingönd er mikið lostæti! Stökkt skinnið, mjúkt kjötið, pönnukaka, vorlaukur og síðast en ekki síst sósan, öllu rúllað saman og bragðlaukarnir fara á flug!

Ég hef ekki fundið góða Pekingönd á kínverskum veitingastöðum hér á landi og vonbrigðin því miður óhjákvæmileg eftir að hafa bragðað pennan fræga rétt í borginni sem hann er kenndur við. Það er samt algjör óþarfi að órvænta. Það er ekki flókið að elda dágóða Pekingönd heima í eldhúsi og halda sannkallaða Kínaveislu. Eina vandamálið er sósan sem smurð er á pönnukökurnar. Hægt er að

fá sósu í stórmörkuðum hér sem heitir „Peking duck sauce“ og er hún ágæt, þó svolítið of sæt fyrir minn smekk. Einnig má nota Hoisin-sósu með góðum árangri og austurlensku verslanirnar eiga eflaust eitthvað úrval. Ég má þó til með að hvetja alla sem eiga leið til Peking að kaupa sér nokkra sósupoka þar. Spyrja bara í næsta stórmarkaði, það er alltaf einhver sem skilur mann...! Uppskriftin er fyrir 4-6.

### Önd

- 1,75 - 2 kg önd
- 2 msk. sojasósa
- 2 msk. dökkur þúðursykur



Öndin sett á kaf í sjóðandi vatn í nokkrar mínútur og síðan þerruð. Hengd upp yfir nótt þar sem loftar vel um hana.

Sojasósu og sykri blandað saman, nuddað á öndina og látið þorna í tvo tíma.

Öndin lögð á rist í ofnskúffu og steikt við 200 gráður í 1 ½ tíma.

Skinnið og kjötið skorið í þunnar sneiðar og því raðað á fat.

Á meðan öndin er í ofninum eru pönnukökurnar bakaðar:

### Pönnukökur

- 500 g hveiti
- smávegis salt
- um 300 ml sjóðandi vatn
- austurlensk sesam-olía

Hveiti og salt sigtað í skál og vatninu hrært rólega saman við þar til náðst hefur stíft deig. Hnoðað og rúllað í um 5 cm þykka rúllu. Rúllan skorin í 1 cm þykkar sneiðar og þær flattar út í þunnar pönnukökur. Önnur hlið pönnukökunnar pensluð með sesamolíu og tvær og tvær kökur lagðar saman með oliuhliðarnar saman. Panna með engri feiti hituð og pönnukökusamlöka bökuð þannig við meðalhita. Þegar hún byrjar að blása upp er henni snúið og steikt á hinn hliðinni. Kökurnar eru síðan teknar í sundur og brotnar til helminga. Geymist á fati með álpappír yfir og haldið heitu.

### Meðlæti

Búnt af vorlauk sem skorinn er í 5 cm lengjur og í þunnar ræmur.

Góð sósa.

Pekingöndin er borðuð þannig að skinni og kjöti er dýft í sósuna og raðað á pönnuköku ásamt vorlauk, rúllað upp eins og pönnuköku og bitið í. Nammi nammi !

Verði ykkur að góðu!

Kristjana Erlen Jóhannsdóttir



Vissir þú að: Fuglar eru eftirsóttir sem gæludýr af því að þeir taka lítið pláss og auðvelt er að gæta þeirra. Margir búrfuglar, eins og gárar og kanarifuglar, hafa verið kynbættir til að gera fjaðraskrautið fegurra og harla frábrugðið fjaðraham villtra ættingja þeirra.



# Einn, tveir, þrír, fjórir og margir...



Töfrar Indlands gleðja öll skilningarvitin!  
Viltu smakka, hlusta, snerta, ilma og horfa?



Alvörubúðin

Eyravegi 3, Selfossi  
482-4410, [www.alvara.is](http://www.alvara.is)